# FRÉTTABLAÐIÐ

158. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 10. JÚLÍ 2019





**Lilli, Dúskur og aðrar persónur Brúðubílsins skemmtu börnum í Árbæjarsafni við mikla kátínu. Blíðviðri var og mikill fjöldi fólks heimsótti safnið. Margt annað er fyrir þau yngstu að sjá, svo sem húsdýr, lummubakstur og leikfangasýningin „Komdu að leika“. Á sunnudaginn verður haldin harmónikkuhátíð sem mun gleðja eldri kynslóðina.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vilja reisa nýtt félag á grunni WOW

**Tveir fyrrverandi stjórnendur hjá WOW air vinna að því að stofna nýtt flugfélag á rústum hins gjaldþrota félags. Írskur fjárfestingarsjóður sem tengist Ryanair-fjölskyldunni tekur þátt í verkefninu. Óska eftir fjögurra milljarða króna láni frá íslenskum bönkum.**

**VIÐSKIPTI** Hópur fjárfesta og tveggja fyrrverandi stjórnenda hjá WOW air vinnur um þessar mundir, í samfloti við írskan fjárfestingarsjóð sem er í eigu dóttur eins af stofnendum Ryanair, að stofnun nýs íslensks lággjaldaflugfélags á grunni WOW air. Hópurinn hefur leitað til að minnsta kosti tveggja hérlendra banka og óskað eftir láni upp á 31 milljón evra, jafnvirði tæplega fjögurra milljarða króna.

Írski sjóðurinn, sem ber heitið Avianta Capital og er að fullu í eigu Aislinn Whittley-Ryan en er stýrt af eiginmanni hennar, Simon, hefur skuldbundið sig til þess að leggja nýstofnuðu félagi, WAB air, til 40 milljónir dala, jafnvirði rúmra fimm milljarða króna, í nýtt hlutafé til þess að tryggja grundvöll rekstrar félagsins til þriggja ára.

Fjárfestahópurinn hyggst nýta sér lánsféð sem eigið fé til þess að slá lán hjá svissneskum banka.

Sem endurgjald fyrir fjárfestinguna mun Avianta Capital eignast 75 prósenta hlut í hinu nýja flugfélagi á móti 25 prósenta hlut félagsins Neo en það er í eigu Arnars Más Magnússonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra flugrekstrarsviðs WOW air, Sveins Inga Steinþórssonar, sem stýrði hagdeild WOW air, Boga Guðmundssonar, lögmanns og stjórnarformanns BusTravel, og Þórodds Ara Þóroddssonar sem hefur starfað sem ráðgjafi í flugvélaviðskiptum.

**20**

**milljarðar er áætluð velta nýja flugfélagsins árið 2020.**

Upplýst er um áform fjárfestahópsins í minnisblaði sem Markaðurinn hefur undir höndum.

Áætlanir hópsins miða að því að nýja félagið hefji rekstur í haust og verði með sex vélar í rekstri fyrsta árið. Er stefnt að því að fljúga til fjórtán áfangastaða í Evrópu og Ameríku en áætlanirnar gera ráð fyrir að ein milljón farþega verði flutt með félaginu 2020 og fimm hundruð starfsmenn ráðnir á næstu tólf mánuðum. **– hae, kij /** **sjá Markaðinn**

## Taki ekki við innlánum ÍLS

**VIÐSKIPTI** Vinna stendur nú yfir innan Seðlabankans sem miðar að því að Íbúðalánasjóði verði ekki lengur heimilt að ráðstafa lausu fé sjóðsins til fjárfestinga í bundnum innlánum í Seðlabankanum. Þess í stað þyrfti sjóðurinn þá að leita annarra fjárfestingarkosta, meðal annars í innlánsreikningum í viðskiptabönkunum, sértryggðum skuldabréfum bankanna og ríkisskuldabréfum. Innlán Íbúðalánasjóðs í Seðlabankanum nema í dag hátt í hundrað milljörðum króna.

Þessar breytingar, sem væntingar eru um að geti orðið að veruleika innan fárra vikna, ættu að auka framboð af lánsfjármagni og gætu eins verið til þess fallnar að lækka vexti á markaði. **– hae /** **sjá Markaðinn**

## Fleiri smitleiðir eru mögulegar

**HEILBRIGÐISMÁL** Ekki komust öll börnin sem smituðust af E. coli í samband við kálfana í Efstadal II að sögn sóttvarnalæknis. Staðfest hefur verið að sama tegund bakteríu og veiku börnin smituðust af hafi fundist í kálfi á bænum. Samkvæmt upplýsingum sóttvarnalæknis komust ekki öll börnin sem smituðust í tæri við kálfa á bænum og ekki liggur endanlega fyrir hverjar smitleiðirnar eru eða hvort um eina eða fleiri smitleiðir er að ræða.

Þótt ekkert hafi fundist í sýnum sem tekin voru úr ísframleiðslu segir sóttvarnalæknir ekki hægt að útiloka ísinn sem smitleið enda ekki hægt að taka sýni úr ísnum sem börnin borðuðu. Ísframleiðsla hefur verið stöðvuð á staðnum tímabundið. **– aá /** **sjá síðu 4**







## Veður




Austan 3-8 m/s, en 8-13 með suðurströndinni. Skýjað að mestu og skúrir á víð og dreif, en þurrt og bjart norðaustan til. Dálítil væta syðst í nótt. SJÁ SÍÐU 16

# Töfraveröld Kverkfjalla



Í Kverkfjöllum er að finna orkuríkt háhitasvæði. Þangað lagði leið sína þrjátíu manna hópur á vegum Ferðafélags Íslands um liðna helgi. Á svæðinu er að finna allstórt lón í jöklinum, svonefnt Gengissig, þar sem jarðhitinn vinnur á ísnum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir úr Kverkfjöllum er að finna á +Plús-síðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

## LÍN-frumvarp er komið fram

**STJÓRNMÁL** Mennta- og menningarmálaráðuneytið birti í gær drög að frumvarpi um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna í Samráðsgátt þar sem umsagna er óskað. Með frumvarpinu leggur ráðuneytið til að nýtt námsstyrkjakerfi verði innleitt samhliða námslánakerfi og þannig verði gengið „í átt að því að tryggja hagsmuni námsmanna á Íslandi betur“.

Fram kemur í drögunum að nafni Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) verði breytt í Stuðningssjóður íslenskra námsmanna (SÍN). Aukinheldur að lánþegar sem ljúka prófgráðu innan tilgreinds tíma geti fengið námsstyrk sem nemur þrjátíu prósentum af höfuðstól námsláns í formi niðurfellingar sem kæmi til framkvæmda að námi loknu. – þea

## Útgáfufélag Fréttablaðsins skilaði 39 milljóna króna hagnaði í fyrra

**VIÐSKIPTI** Torg, útgáfufélag Fréttablaðsins, hagnaðist um tæplega 39 milljónir króna eftir skatta á síðasta ári, samkvæmt nýjum ársreikningi félagsins. Rekstrartekjur Torgs voru 2,57 milljarðar króna á árinu.

Þá var EBITDA útgáfufélagsins – afkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – jákvæð um 109 milljónir króna í fyrra, að því er fram kemur í ársreikningnum.

„Frekjulegt inngrip Ríkisútvarpsins í kringum auglýsingasölu í tengslum við Heimsmeistaramótið í knattspyrnu seinni part ársins hafði mjög afdrifarík áhrif á rekstur Torgs,“ segir Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir, forstjóri og helmingshluthafi Torgs.

„Þrátt fyrir yfirgang RÚV á markaði stendur Fréttablaðið framar öllum auglýsingamiðlum á Íslandi, hvort sem um ræðir vef- eða samfélagsmiðla, og skilar hagnaði á síðasta rekstrarári,“ bætir hún við.



**Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir, forstjóri Torgs.**

Eignir Torgs, sem á og rekur Fréttablaðið, frettabladid.is, markadurinn.is, tímaritið Glamour og tengda starfsemi, námu 1,27 milljörðum króna í lok síðasta árs en á sama tíma var eigið fé félagsins 502 milljónir króna og eiginfjárhlutfallið því 40 prósent.

Sem kunnugt er keypti félag í eigu Helga Magnússonar, fjárfestis og fyrrverandi stjórnarformanns Lífeyrissjóðs verslunarmanna, nýverið helmingshlut í Torgi og tók Helgi í kjölfarið sæti í stjórn útgáfufélagsins. Félög á vegum Ingibjargar fara með helming í Torgi á móti Helga. – kij




# Göngutúrinn er fimm hundruð kílómetrar

**Kristján Helgi Carrasco og Kristinn Birkisson ganga þvert yfir Ísland, samtals fimm hundruð kílómetra frá Lóni í austri að Borgarfirði í vestri. Útsendari Fréttablaðsins rakst á þá í Hvannalindum, þá nýbúna að lenda í svaðilförum.**

**ÚTIVIST** „Einmitt núna erum við á áttunda degi göngunnar, þvert yfir landið,“ sagði Kristján Helgi Carrasco sem blaðamaður Fréttablaðsins hitti í Hvannalindum á sunnudaginn var.

Kristján og félagi hans, Kristinn Birkisson, eru nú á gönguferð þvert yfir Ísland, frá fjörunni í Lóni að austanverðu, alla leið yfir hálendið og niður í Borgarfjörð í vestri. Gangan er ríflega 500 kílómetra löng og reikna félagarnir með að nota allan júlímánuð til þess að klára hana.

Er blaðamaður rakst á Kristján og Kristin höfðu þeir nýlokið við að vaða jökulána Kreppu, sem er með þeim stærri og ógnvænlegri.

„Við reyndum að vaða Kreppu í gærkvöldi, en þá var allt of mikið í henni,“ sagði Kristinn.

„Við slógum upp tjaldi og ákváðum að bíða til morguns. Í morgun reyndum við aftur við sama vað og í gær, en það gekk ekki hjá okkur. Það liðu samt alls fimmtíu mínútur frá því að við fórum út í þangað til við komumst aftur upp úr jökulvatninu og upp á bakka. Þá þurftum við að hlýja okkur og borða áður en við leituðum að nýju vaði. Þetta gekk þó að lokum.“

Þeir Kristján og Kristinn sögðu heilsuna góða og andann vera léttan. „Hælarnir eiga nú samt dálítið bágt,“ bætti Kristinn við. „Við erum brattir.“

Þeir félagar greina frá því á Facebook-síðu þar sem sagt er frá ferðinni að upphaflega hugmyndin sé ættuð frá þeim Róberti Marshall, Brynhildi Ólafsdóttur, Páli Ásgeiri Ásgeirssyni, Rósu Sigrúnu Jónsdóttur og Einari Skúlasyni. Leiðarvalið miðaðist meðal annars við að gengið yrði að mestu um algerar óbyggðir og að á leiðinni yrði að sigrast á talsverðum áskorunum.

Nánari upplýsingar og fréttir af ferðum vinanna er að finna á Facebook-síðunni Kristján og Kristinn á Öræfaleið.

sigtryggur@frettabladid.is



**Kristján Helgi Carrasco og Kristinn Birkisson eftir að hafa komist í hann krappan í Kreppu. Þeir komust yfir að lokum.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Það liðu samt alls fimmtíu mínútur frá því að við fórum út í þangað til við komumst aftur upp úr jökulvatninu og upp á bakka.**
>
> Kristinn Birkisson göngumaður


HLAUPTU
ÞAÐ BORGAR SIG
REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA
240819
hlaupastyrkur.is
rmi.is
#rvkmarathon
REYKJAVÍKUR
MARAÞON
ÍSLANDSBANKA
Taktu þátt í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka
24. ágúst og styrktu gott málefni á hlaupastyrkur.is

## Lægstu vextir á landinu

**LÍFEYRISMÁL** Óverðtryggðir fastir vextir Lífeyrissjóðs verslunarmanna lækka nú um miðjan mánuð um tæplega eitt prósentustig og fara úr 6,12 prósent í 5,14 prósent. Verða þetta þá lægstu vextir sem í boði eru á slíku lánaformi. Þetta er í samræmi við lánareglur sjóðsins sem kveða á um að miðað sé við vexti á ríkisskuldabréfum undanfarna þrjá mánuði með álagi.



Ólafur Reimar Gunnarsson, stjórnarformaður LIVE.

Ólafur Reimar Gunnarsson, stjórnarformaður LIVE, segir ánægjulegt að geta lækkað vexti.

„Við erum á sömu leið og aðrir með lækkun vaxta. Stýrivaxtalækkun Seðlabankans hefur mikið að segja um óverðtryggða vexti og nú höfum við tækifæri til að lækka. Því hefur verið haldið fram að þessi stjórn sé á móti vaxtalækkunum, svo er aldeilis ekki.“

Ólíkt mörgum öðrum lífeyrissjóðum er lágur þröskuldur til að fá lán. „Lántakandi þarf bara að hafa borgað í sjóðinn, þetta er mjög opið hjá okkur hvað það varðar.“ **– ab**

## Sýndi nauðgun á Skype-spjalli

**DÓMSMÁL** Karlmaður var á mánudag dæmdur í tveggja ára skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Vestfjarða fyrir að hafa nauðgað meðvitundarlausum kunningja sínum og hringt í vinkonu hans á Skype á meðan og sýnt henni verknaðinn. Einnig var hann dæmdur fyrir að hafa nokkrum mánuðum síðar slegið annan mann í andlitið og viðkomandi hlaut opið sár.

Fyrra atvikið átti sér stað árið 2016 á þáverandi heimili ákærða. Hann bar fyrir sig minnisleysi en játaði að hafa átt samskipti við brotaþola og sent þær myndir sem lágu frammi í gögnum málsins. Þá mundi hann óljóst eftir að hafa talað við einhvern á Skype.

Ljóst er að báðir mennirnir voru í mikilli neyslu á þessum tíma en ákærði varð edrú árið 2017 og greindi frá breytingum sem orðið hafa á högum hans frá því atvikin áttu sér stað í skýrslu fyrir dómi.

Maðurinn neitaði sök í báðum málum en var gert að greiða manninum sem hann nauðgaði eina milljón króna og þolanda líkamsárásarinnar 200 þúsund krónur. **– ókp**

# Eldur í íbúð á fyrstu hæð á stúdentagörðunum

**HÚSBRUNI** Eldur kom upp í íbúð við Eggertsgötu í Reykjavík á sjötta tímanum í gær. Ein manneskja var í íbúðinni þegar eldurinn kom upp og var hún flutt á sjúkrahús til skoðunar. Að sögn Ara Jóhannesar Haukssonar hjá Slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu var hún í nokkurn tíma í íbúðinni eftir að eldurinn kom upp en náði að komast út áður en slökkviliðið kom. Eldsupptökin eru óljós en mikill hiti var í íbúðinni þegar slökkvilið kom að.

Um er að ræða íbúð á fyrstu hæð í fjölbýlishúsi. Það voru nágrannar sem tilkynntu um eldinn þegar þeir sáu svartan reyk koma út um gluggana.

Allt tiltækt lið Slökkviliðsins var kallað út og allir íbúar beðnir að yfirgefa húsið. Slökkviliðinu tókst að ráða niðurlögum eldsins á örfáum mínútum en íbúðin er töluvert skemmd. Eldurinn barst ekki í aðrar íbúðir hússins en reykur komst inn í einhverjar íbúðir og olli skemmdum. Rannsókn lögreglu á eldsupptökum hefst í dag. **– khg**



Slökkvistarfi lauk klukkan hálf átta í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Börnin snertu ekki öll kálfana

**Ekki liggur fyrir hvernig börn smituðust af E. coli í Efstadal II. Nokkur barnanna sem sýktust komu ekki nálægt kálfum. Ísframleiðslan hefur verið stöðvuð á bænum að svo stöddu og sýni tekin hjá starfsfólki.**



E.colí smit hafa greinst í 10 börnum og haft alvarlegar afleiðingar í þremur tilvikum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR SVEINSSON

**HEILBRIGÐISMÁL** Ísframleiðsla hjá ferðaþjónustubændum í Efstadal II hefur verið stöðvuð og er nú seldur aðkeyptur ís á staðnum. Eins og fram kom í yfirlýsingu frá Embætti landlæknis í gær á E. coli-sýkingin sem greinst hefur í tíu börnum uppruna sinn á ferðaþjónustubænum Efstadal II. Staðfest hefur verið að þær bakteríur sem greinst hafa í börnunum hafa fundist í kálfum í bænum sem eru nú í sóttkví. „Þá vaknar spurning um hvernig þetta hefur borist á milli. Það voru ekki öll börnin sem smituðust að kássast í kálfunum,“ segir Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir og vísar til upplýsinga frá foreldrum hinna smituðu barna. Hann segir sýnatökur og rannsóknir hafa beinst að því hvað börnin borðuðu og öðru sem þau komu nálægt á bænum.

Staðarhaldarar í Efstadal hafa gerilsneytt mjólk og framleitt sinn eigin ís sem er til sölu á staðnum. „Ísframleiðslan hefur verið stöðvuð en við höfum ekki getað staðfest eða fundið þessar bakteríur í ísnum og því ekki hægt að staðfesta að sýkingin hafi komið úr honum,“ segir Þórólfur. Aðspurður segir hann heldur ekki unnt að útiloka að ísinn sé smitleiðin.

„Við erum náttúrulega ekki með ísinn sem börnin borðuðu, það er of langt liðið og komin önnur framleiðsla og ekki hægt að taka sýni úr þeim ís,“ segir Þórólfur og bætir við að smitleiðirnar kunni einnig að vera fleiri. Einhverjir hafi smitast eftir viðkomu hjá kálfunum og aðrir annars staðar. Hann segir að sýni hafi einnig verið tekin hjá starfsmönnum í Efstadal til að kanna hvort smitið hafi borist víðar. „Niðurstaða þeirra sýna segir okkur þó ekki endilega hver smitaði hvern og erfitt að túlka niðurstöðurnar öðru vísi en að þetta sé útbreitt á staðnum.“

> **Það voru ekki öll börnin sem smituðust að kássast í kálfunum.**



Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

„Við vinnum bara algjörlega eftir tilmælum frá yfirvöldum um hvernig við eigum að snúa okkur í því og ég bendi vissulega á að spjótin beinast að sýkingum frá kálfum sem er hægt að klappa og sýnin gefa til kynna að það sé engin tenging milli matvæla og þessa smits,“ segir Sölvi Arnarson, einn eigenda og staðarhaldara í Efstadal II aðspurður um hvort ísframleiðsla hafi verið stöðvuð á bænum. Hann játar því þó þegar fyrirspurnin er ítrekuð að heimaframleiddi ísinn sé ekki til sölu á bænum að svo stöddu, heldur selji þau nú aðkeyptan ís.

„Það er alveg skýrt hverjir vinna fjósastörf og hverjir vinna við matvælaframleiðslu. Það er bara glæpur að blanda því eitthvað saman og það er ekki verið að stunda glæpi hér í Efstadal,“ segir Sölvi aðspurður um hvort starfsfólk gangi í öll störf á bænum hvort heldur er umhirðu dýra eða þjónustustörf og matvælaframleiðslu.

Sölvi segist hins vegar líta svo á að skýringin á smitinu liggi í raun fyrir og yfirlýsing Landlæknisembættisins sýni að heilbrigðisyfirvöld líti svo á að smitleiðin sé í gegnum kálfaklapp barnanna sem svo fari og borði ís.

Um líðan barnanna sem veiktust segir Þórólfur að sýkingin hafi haft nokkuð alvarlegar afleiðingar hjá þremur barnanna og eitt þeirra hafi þurft kviðskimun þar sem nýru þess störfuðu ekki eðlilega. Hann segir að liðið geti tíu dagar frá því niðurgangur hefst þar til alvarleg einkenni fara að koma í ljós. Börnin þurfa því að vera áfram í eftirliti á Barnaspítalanum og koma í prufur svo hægt sé að fylgjast með þróuninni. **adalheidur@frettabladid.is**

# Ekki tókst að sanna beinan ásetning

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur féllst ekki á að um beinan ásetning til manndráps hafi verið að ræða í íkveikjumálinu á Selfossi. Ákæruvaldið krafðist átján ára dóms yfir Vigfúsi Ólafssyni vegna íkveikjunnar í október. Maður og kona á sextugsaldri á efri hæð hússins létust vegna reykeitrunar. Vigfús var hins vegar dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir manndráp af gáleysi.

Í dómi kemur fram að Vigfús hafi glímt við sjálfsvígshugsanir. Ekki væri loku fyrir það skotið að hann hafi einvörðungu viljað skaða sjálfan sig. Dómurinn telur sannað að Vigfúsi hafi láðst að aðvara hin látnu. Vörn hans var sú að hann hafi gleymt að þau væru í húsinu.

Auk Vigfúsar var kona ákærð fyrir að láta þau sem létust ekki vita af brunanum eða reyna að afstýra honum. Hún var sýknuð. Fyrir dómi sagði hún að konan sem lést hafi vitað að Vigfús hefði fært eld að pappakössum og að hún hefði látið manninn vita en um seinan. **– dfb**



Við dómsuppkvaðningu í Héraðsdómi Suðurlands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


Ásetusláttuvélar
á frábæru verði





Kr. 320.000,-
með VSK

TIL AFGREIÐSLU STRAX

Cub Cadet
Gerir sláttinn auðveldari

ÞÓR HF

Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
Akureyri: Baldursnes 8, 603 Akureyri, Sími 568-1555
Opnunartími: Opið alla virka daga, Lokað um helgar
Vefsíða og netverslun: www.thor.is




**Bernhard - Honda á Íslandi**
Vatnagörðum 24
104 Reykjavík
Sími 520 1100
www.honda.is

Umboðsaðilar:

Bílver
Innesvegi 1
Akranesi
Sími 431 1985

Höldur
Þórsstíg 2
Akureyri
Sími 461 6020

Bragginn
Flötum 20
Vestmannaeyjum
Sími 481 1535

HONDA

# Ráða starfsfólk vegna fjölgunar gesta frá Kína

**VIÐSKIPTI** Vegna vaxandi áhuga og fjölgunar kínverskra ferðamanna á Íslandi hefur Bláa lónið haft það að markmiði að reyna að vera með einn kínverskumælandi starfsmann á hverri vakt. Fyrirtækið auglýsti nýverið eftir kínverskumælandi starfsmanni í verslun fyrirtækisins í Grindavík og segir Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri hjá Bláa lóninu, að það sé ekki nýtt af nálinni.


**Helga Árnadóttir.**

„Kínverskum ferðamönnum hefur fjölgað mikið og þegar litið er til komu ferðamanna til landsins er það hópurinn sem ein mesta fjölgunin er enn hjá. Við höfum viljað koma sem allra mest og best til móts við okkar gesti og það eru ekki margir í þessum hópi gesta sem tala ensku,“ segir Helga.

Bláa lónið er eitt af flaggskipum ferðaþjónustunnar, nánast verið skyldustopp sívaxandi hóps ferðamanna á undanförnum árum og nam hagnaður félagsins í fyrra tæpum fjórum milljörðum. Ferðamenn greiddu í fyrra 8,6 milljarða króna í aðgangseyri að lóninu. **– smj**

# Hringvegurinn breikkar


Breikkun stendur yfir á hringvegi 1, á kaflanum á milli Hveragerðis og Selfoss. Samkvæmt Vegagerðinni hefur verið góður gangur í framkvæmdunum en inni í þeim er einnig breikkun Varmárbrúar. Hluti vegarins er lokaður en hjáleið var opnuð fyrir umferð í maí. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Vilja að arðurinn frá Landsvirkjun niðurgreiði raforkuverð úti á landi

**ORKUMÁL** Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurlandi vill að iðnaðarráðherra beiti sér fyrir því að raforkuverð í dreifbýli og þéttbýli verði jafnað.

„Frá því að skipulagsbreytingar voru gerðar á raforkukerfinu árið 2005 hafa fyrirtæki sem annast dreifingu á raforku í þéttbýli og dreifbýli haft tvær mismunandi gjaldskrár, aðra fyrir dreifingu raforku í þéttbýli og hina fyrir dreifingu raforku í dreifbýli. Þrátt fyrir niðurgreiðslu frá ríkinu, með svonefndu dreifbýlisframlagi, er raforkuverð í dreifbýli enn hærra en raforkuverð í þéttbýli,“ segir í ályktun frá SASS. Nýta megi hluta af arði af rekstri Landsvirkjunar sem framlag til niðurgreiðslu raforkuverðs.

„Bent er á að í gegnum tíðina hefur verið rætt um að þegar skuldir Landsvirkjunar hafi verið greiddar niður muni arður af henni nýtast í þágu landsmanna. Það liggur beinast við að sá arður verði nýttur á sviði raforkumála og beinlínis í þágu landsbyggðarinnar, þar sem allar virkjanir Landsvirkjunar standa,“ segir SASS.

> **Það liggur beinast við að sá arður verði nýttur á sviði raforkumála og beinlínis í þágu landsbyggðarinnar, þar sem allar virkjanir Landsvirkjunar standa.**
>
> Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurlandi

„Tímabært er að íbúar hinna dreifðu byggða sitji við sama borð og íbúar í þéttbýli hvað varðar raforkuverð og í raun hálfhjákátlegt að þeir sem búa næst uppsprettu raforkunnar, nærri virkjunum eða undir raflínum sem flytur orkuna á suðvesturhornið, skuli greiða hærra verð fyrir orkuna en þeir sem fjær búa.“ **– gar**






# Hætta af glæfraakstri ökuþóra í Norðurfirði

**Ökumenn keyra langt yfir hámarkshraða bæði í Norðurfirði og á Djúpavík. Móðir á svæðinu segir glæfraakstur mikla slysahættu fyrir börn þar um slóðir og að nauðsynlegt sé að bregðast við. Oddviti Árneshrepps gekk strax í málið.**

**SAMGÖNGUR** „Það varð slys þarna í maí þegar það var keyrt á hvolp hérna af bíl sem keyrði mjög hratt og hraðaksturinn var ástæða slyssins,“ segir Elín Agla Briem, þjóðmenningarbóndi og hafnarstjóri í Norðurfirði. Hún lagði nýlega fyrir bréf til umræðu á hreppsnefndarfundi í Árneshreppi, þar sem hún gagnrýndi ökuhraða á hafnar- og verslunarsvæðinu í Norðurfirði.

„Það er þarna þrjátíu kílómetra hámarkshraði en fólk er að keyra á 60-70 kílómetra hraða. Ég er með barn hérna og það er hér fullt af börnum yfir sumartímann, þetta er bara mikil slysahætta svo ég benti sveitarstjórninni á þetta,“ segir Elín Agla.

Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti Árneshrepps, segir að vel hafi verið tekið í erindi Elínar Öglu og bætir við að hún hafi sjálf gengið beint í málið. „Ég sendi Vegagerðinni bréf strax í kjölfarið á bréfinu frá Elínu Öglu og við erum komin með svör og viðbrögð frá Vegagerðinni varðandi þetta. Því miður gengur þetta oft aðeins hægar en maður myndi vilja en svoleiðis er það, en þetta verður að laga,“ segir Eva.

„Það eru allir sammála um þetta, það er öllum umhugað um öryggi og það að koma í veg fyrir svona slysahættu,“ segir Elín Agla, en ekki hefur ríkt mikil samstaða á milli Elínar og Evu í tengslum við fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir á svæðinu.

Svör Vegagerðarinnar verða kynnt á hreppsnefndarfundi í dag en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fengust jákvæð viðbrögð við erindinu og hyggst Vegagerðin senda fulltrúa á svæðið til þess að kanna aðstæður og bregðast við. „Þar til það gerist þurfum við sjálf að grípa til aðgerða. Ástandið á Djúpavík er svipað og hér, þar er líka keyrt allt of hratt. Í fyrra var talan þrjátíu máluð á götuna þar en það entist ekki lengi. Slíkt hið sama verður líklega gert hér,“ segir Eva.

Aðspurð hvað líklegast væri til árangurs segir Eva að hraðahindranir bæði í Norðurfirði og á Djúpavík myndu hægja á umferð. „Það verður bara að laga þetta, við erum alveg heit fyrir því að þetta verði tekið í gegn. Það er ekki hægt að leika rúllettu með líf fólks hérna í kringum okkur.“ **birnadrofn@frettabladid.is**


**Elínu og Öglu greinir á um virkjanaáform í hreppnum, en eru samstíga í að útrýma slysahættunni sem af glæfraakstri hlýst.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Það er þarna þrjátíu kílómetra hámarkshraði en fólk er að keyra á 60-70 kílómetra hraða. Ég er með barn hérna**
>
> Elín Agla Briem, þjóðmenningarbóndi og hafnarstjóri



> **Því miður gengur þetta oft aðeins hægar en maður myndi vilja en svoleiðis er það, en þetta verður að laga,**
>
> Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti Árneshrepps.






# Útimálning
## fyrir íslenskt veðurfar

Steinvari er öflug varnarlína gegn íslensku veðri, afrakstur þrotlausra rannsókna og þróunar í áratugi. Láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig í valinu á útimálningu.

**Steinvari – íslensk varnarlína í útimálningu**

málning
- sérfræðingar í útimálningu -

*Útsölustaðir Málningar*: BYKO, Kópavogi • BYKO, Granda • BAUHAUS • Garðar Jónsson málarameistari, Akranesi • Smiðjan Fönix, Hellissandi • Málningarbúðin, Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Lífland, Blönduósi • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO, Akureyri • Ísfell, Ólafsfirði • Launafl, Reyðarfirði • Verslunin PAN, Neskaupstað • BYKO, Selfossi • Miðstöðin, Vestmannaeyjum • Rúnar málari, Grindavík • BYKO, Keflavík

ÍSLENSKA/SIA.IS/MAL 92011 06/19

# Ross Perot forsetaframbjóðandi látinn

**BANDARÍKIN** Auðjöfurinn og fyrrverandi bandaríski forsetaframbjóðandinn Ross Perot er látinn. Fjölskylda Perots greindi frá andlátinu í gær en hann var 89 ára gamall og var greindur með hvítblæði fyrr á árinu.

„Ross Perot, þessi mikli athafnamaður, ástkær eiginmaður, bróðir, faðir og afi, lést snemma þriðjudags á heimili sínu í Dallas. Hann var umkringdur fjölskyldu sinni,“ sagði í tilkynningu sem fjölskyldan sendi frá sér.

Eignir Perots voru metnar á rúma fjóra milljarða Bandaríkjadala en hann hagnaðist mjög á fyrirtækjum sínum, Electronic Data Systems og Perot Systems. Fyrirtækin sáu um gagnaþjónustu fyrir bandarísk stórfyrirtæki og hið opinbera.

Flestir muna þó trúlega eftir Perot sem forsetaframbjóðanda enda hafa fáir náð jafngóðum árangri sem frambjóðandi utan stóru flokkanna tveggja. Árið 1992 fékk Perot 18,9 prósent atkvæða á meðan George H.W. Bush fékk 37,4 prósent og Bill Clinton 43 prósent. Fjórum árum síðar gekk öllu verr en



**Ross Perot fékk um tuttugu prósent atkvæða árið 1992.** NORDICPHOTOS/AFP

fékk Perot þó 8,4 prósent gegn 49,2 prósentum Clintons og 40,7 prósentum Bobs Dole.

Þótt Perot hafi ekki tryggt sér neinn kjörmann vermir hann toppsætið á listanum yfir þá frambjóðendur utan Repúblikana og Demókrata sem hafa flest atkvæði fengið. Er raunar í þriðja sætinu líka fyrir kosningarnar 1996. Sé litið til hlutfalls af heildarfjölda atkvæða skiluðu kosningarnar 1996 Perot í þriðja sætið á eftir þeim Millard Fillmore árið 1856 og Theodore Roosevelt árið 1912. **– þea**



**Donald Trump, forseti Bandaríkjanna.** NORDICPHOTOS/AFP

# Trump í hart gegn May

**BANDARÍKIN** Donald Trump Bandaríkjaforseti var einkar harðorður í garð Theresu May, forsætisráðherra Bretlands, og Kim Darroch, sendiherra Breta í Bandaríkjunum, í gær. Deila ríkisstjórnanna tveggja eftir að tölvupóstur úr breska sendiráðinu lak út virðist því enn harðna. Í lekanum mátti finna póst þar sem Darroch sagði Trump-stjórnina meðal annars vanhæfa.

„Þessi ruglaði sendiherra sem Bretar þvinguðu inn á Bandaríkin er ekki einhver sem við erum hrifin af. Rosa heimskur gaur. Hann ætti að tala við ríkisstjórn sína og May forsætisráðherra um hinar misheppnuðu Brexit-viðræður en ekki kvarta yfir gagnrýni minni á það hversu illa þær hafa gengið,“ tísti Trump um sendiherrann.

Hann hélt áfram og sagðist hafa gefið May ráðleggingar um hvernig væri best að halda á spilunum í samningaviðræðum. „En hún fór sína eigin vitleysingsleið og náði ekki árangri. Stórslys!. Ég þekki ekki sendiherrann en hef heyrt að hann sé hrokafullur vitleysingur.“

Jeremy Hunt, utanríkisráðherra Bretlands, svaraði forsetanum á Twitter og sagði að bandamenn þyrftu að koma fram hverjir við aðra af virðingu. „Donald Trump var hreinskilinn og það skal ég líka vera. Þessi ummæli einkennast af vanvirðingu gegn forsætisráðherra okkar og landi og eru röng,“ sagði Hunt sem keppir nú við Boris Johnson um að taka við af May.

Hann sagði að May hefði ávallt komið fram við Trump af virðingu. „Sendiherrar eru skipaðir af bresku ríkisstjórninni og ef ég verð forsætisráðherra mun sendiherra okkar halda starfi sínu.“ **– þea**


ENDURNÝJUN OG VIÐHALD

Löggiltur rafverktaki

Sími:

696 5600

rafsol@rafsol.is

RAFSÓL

Síðumúla 34 • 108 Reykjavík

Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is


# Lávarðar hætta í flokknum vegna meints gyðingahaturs

Jeremy Corbyn tekst enn á við meinta gyðingaandúð sem sögð er rótgróin í breska Verkamannaflokknum. Þrír úr lávarðadeild breska þingsins sögðu sig úr flokknum í gær. Illa hefur gengið hjá Corbyn að taka á málinu. Hefur sjálfur komist í klandur vegna gamalla ummæla sinna um Hamas-samtökin.

**BRETLAND** Þrír þingmenn Verkamannaflokksins í lávarðadeild breska þingsins hættu í flokknum í gær vegna óánægju með það hvernig flokkurinn hefur tekið á meintri andúð í garð gyðinga í röðum flokksmanna.

Flokkurinn hefur logað í illdeilum undanfarin misseri vegna hins meinta gyðingahaturs. Samkvæmt frétt Sunday Times frá því í apríl hafa flokknum borist 863 kvartanir um meinta gyðingaandúð flokksmanna, þar með taldir eru kjörnir fulltrúar.

Sé litið til kjörinna fulltrúa má nefna brottrekstur þingmannsins Naz Shah. Hún stakk meðal annars upp á því á Twitter að Ísraelsríki yrði flutt til Bandaríkjanna en var tekin aftur inn í flokkinn eftir að hún baðst afsökunar. Chris Williamson, annar þingmaður, fékk reisupassann eftir að hann sagði gyðingaandúðarvanda flokksins ýktan og að flokkurinn reyndi um of að þóknast gagnrýnendum. Þá má nefna úrsögn Kens Livingstone, fyrrverandi borgarstjóra Lundúna, eftir að hann sagði Adolf Hitler einn þeirra sem hefðu beitt sér fyrir að gyðingar fengju land í Mið-Austurlöndum.

Deilan snýst að miklu leyti um afstöðuna gagnvart Ísraelsríki. Corbyn hefur um áratugaskeið talað fyrir frelsi palestínsku þjóðarinnar og með formennsku hans hafa fleiri á sömu skoðun tekið aukinn þátt í flokksstarfinu. Þar á meðal fólk sem ýmsum breskum gyðingum þykir ganga of langt í gagnrýni sinni á Ísrael.

Samkvæmt skilgreiningu Alþjóðlega minningarbandalagsins um helförina (IHRA) telst það til gyðingaandúðar að „neita gyðingum um sjálfsákvörðunarréttinn“ eða láta alla gyðinga svara fyrir gjörðir Ísraelsríkis. Þegar Verkamannaflokkurinn innleiddi skilgreiningu á gyðingaandúð inn í verklagsreglur



**Valdatíð Jeremys Corbyn hjá Verkamannaflokknum hefur einkennst af illdeilum flokksmanna.** NORDICPHOTOS/AFP

**» Flokkurinn hafnar því að gyðingahatur sé rótgróið.**

sínar í júlí 2018 mátti greina óánægju með að skilgreining IHRA hafi ekki verið innleidd að fullu. Meðal annars var ákvæðum um að það teldist gyðingaandúð að saka gyðinga um að vera hollari Ísrael en heimalandi sínu eða að bera meiri væntingar til Ísraels en annarra ríkja sleppt. Svo fór síðar á árinu að skilgreiningin var innleidd að fullu en með þeirri viðbót að hún hamlaði ekki „tjáningarfrelsi í umræðu um Ísrael né réttindum Palestínumanna“.

Corbyn hefur gengið illa að kveða niður illdeilurnar þótt hann hafi ítrekað sagt að gyðingahatarar séu óvelkomnir innan flokksins. Sjálfur hefur hann ítrekað komið sér í klandur. Meðal annars með því að lýsa palestínsku Hamas-samtökunum sem „vinum“ en Bretar flokka hernaðararm Hamas, Izz ad-Din al-Qassam sveitirnar, meðal hryðjuverkasamtaka. Þá var hann sömuleiðis gagnrýndur fyrir að sækja athöfn í Túnis þar sem mannanna á bak við morðin á 11 ísraelskum ólympíuförum á að hafa verið minnst. Corbyn hefur hafnað þeim ásökunum.

Þeir þrír sem sögðu sig úr flokknum í gær, Triesman, Turnberg og Darzi lávarðar, voru ómyrkir í máli. „Því miður hef ég komist að þeirri niðurstöðu að það má finna rótgróna gyðingaandúð innan Verkamannaflokksins. Leiðtogi flokksins og hans innsti hringur hafa sýnt gyðingaandúð og ekki tekið neina rétta ákvörðun í baráttunni gegn þessu vandamáli,“ sagði Triesman til að mynda.

Flokkurinn neitaði þessum ásökunum í yfirlýsingu. „Verkamannaflokkurinn er að öllu leyti andsnúinn gyðingaandúð og staðráðinn í því að uppræta þetta mein.“

**thorgnyr@frettabladid.is**

# Leggja hið umdeilda frumvarp ekki fram á ný

**KÍNA** Frumvarp stjórnvalda í kínverska sjálfstjórnarhéraðinu Hong Kong um að heimila framsal til meginlands Kína er nú „dautt“. Þetta sagði Carrie Lam, æðsti stjórnandi borgarinnar, í gær. Áður hafði hún sagt að frumvarpið myndi „deyja á næsta ári“.

Ef marka má orð Lam má því ekki eiga von á að stjórnvöld reyni að koma frumvarpinu aftur í gegnum þingið í bráð. Ástæðan er sú að borgarbúar hafa flykkst út á götur frá því í lok mars til þess að mótmæla. Talið

**» Mikill mannfjöldi hefur mótmælt frumvarpinu af hörku.**

er að milljónir hafi tekið þátt í mótmælunum en eftir að frumvarpið var dregið til baka hafa mótmælendur krafist afsagnar Lam og þess að lögregla leysi úr haldi þá tugi mótmælenda sem voru handteknir.

„Það heyrast enn efasemdir um hvort stjórnvöldum sé alvara með



**Carrie Lam segist ekki vera á útleið.** NORDICPHOTOS/AFP

því að draga frumvarpið til baka og hvort þau muni einfaldlega leggja það fram á ný. Þannig að ég endurtek nú, það eru engin slík áform uppi. Frumvarpið er dautt,“ sagði Lam og bætti því við að vinna stjórnvalda við frumvarpið verði að teljast „alfarið misheppnuð“.

Þá sagði Lam afsögn afar flókna. Hún hefði enn ástríðu fyrir því að gegna starfinu. „Ég vona að samfélagið í Hong Kong gefi okkur tækifæri til þess að svara kallinu um bætt lífskjör.“ **– þea**

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS



Hópurinn gengur hér yfir Kverkjökul þar sem hann skríður fram, áleiðis að svonefndri Löngufönn. Þaðan liggur leiðin upp í ríflega 1.800 metra hæð. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

# Töfraveröld Kverkfjalla

Þrjátíu kvenna og manna hópur á vegum Ferðafélags Íslands lagði leið sína á norðausturhálendið um liðna helgi og kleif Herðubreið og Kverkfjöll Ljósmyndari Fréttablaðsins slóst með í för. Myndirnar eru frá Kverkfjöllum og næsta nágrenni.



Útsýnið frá tjaldstæðinu við Sigurðarskála í Kverkfjöllum er engu líkt. Herðubreið sést vel í miðnætursólinni.



Elísabet Margeirsdóttir náttúruhlaupari tekur hér sprett í auðninni.



Í Kverkfjöllum er að finna eitt stærsta háhitasvæði á Íslandi. Hópurinn lagði leið sína í Efri-Hveradal í um 1.700 metra hæð. Þar kraumaði jörðin.



Litaveislan á Kverkfjallasvæðinu er mikil. Hér sést Biskupafell sem er eitt besta útsýnisfjallið á Kverkfjallasvæðinu. Ganga á fjallið tekur hálfan dag og er enginn svikinn af henni.



Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur
í miklu úrvali
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
8.995
Loftdæla OMEGA
12V 30L
Álskóflur
frá 1.999
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur
á frábæru verði
Háþrýstidæla
1200W 100Bör
9.999
Hjólatjakkur
2T m/tösku
3.795
Öflugar
háþrýstidælur
165Bör
2100W
22.999
Háþrýstidæla
1400W 105Bör
14.999
6T Búkkar
605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
34.995
Verkfæraskápur
á hjólum
59.995
Verkfæraskápur
á hjólum m/verkfærum
Mikið úrval af
verkfæratöskum
frá 795
Steðjar í
miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi
angle
6.985
14.995
1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk
5.995
Verkfærasett
108 stk
4.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp
ryk/regn/
frostþolið
24.995
Ruslapokar
10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
3.995
Frábært úrval af
dragböndum/
ströppum
Skóflur
frá 995
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
13.995
Flísasög 80mm
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
9.999
Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13mm
Fjölsög
Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC
1200W
19.995
Súluborvél 350W
(m/skrúfstykki)
16.995
Metabo
KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

# Sleppt og haldið



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Stefnt er að því að Alþingi innleiði reglugerð um bann við mismunun í netviðskiptum innan EES næsta vor. Á mannamáli þýðir það að íslenskir neytendur munu geta keypt vörur á sama verði og aðrir á EES-svæðinu á netinu; gallabuxur og ísskápa, sófaborð og hlaupaskó. Tollabandalagið gerir okkur svo kleift að fá vörurnar til Íslands fyrir nokkra hundrað kalla ofan á sendingarkostnað.

Þetta er ein af þeim fjölmörgu kjarabótum sem íslenskir neytendur hljóta af mikilvægasta fjölþjóðasamningi Íslands, EES-samningnum. Innri markaður Evrópusambandsins er einn stærsti markaður heimsins með um 500 milljónir neytenda sem geta keypt vörur og þjónustu þvert á landamæri allra ESB-landanna auk Íslands, Noregs og Liechtenstein.

Fyrir tilstilli sama samnings munu lög um leigubíla breytast á allra næstu misserum. Hingað til hefur fjöldi þeirra sem fá leyfi til þess að keyra leigubíl hér á landi verið takmarkaður. Hindrun sem fáar, ef nokkrar, atvinnugreinar búa við. Lengi vel hafa leyfishafar barist gegn þessum breytingum til þess að þurfa ekki að glíma við samkeppni farveitna á borð við Uber og Lyft, sem aðrar evrópskar stórborgir keppast við að hleypa inn á markaðinn, ein af annarri. Það er morgunljóst hver tapar á þeirri íslensku sérhagsmunagæslu.

Annað dæmi sem íslenskir neytendur geta velt fyrir sér varðar farsímanotkun milli landa í Evrópu – sem var lengi vel mjög dýr. Til að tryggja hagsmuni neytenda var sett þak á þann kostnað sem fjarskiptafyrirtækin máttu innheimta fyrir farsímaþjónustu á milli landa Evrópu. Þetta þýðir að íslenskir neytendur geta nú rætt við vini og vandamenn og sinnt vinnu frá öðrum löndum Evrópu án þess að heimilisbókhaldið líði sérstaklega fyrir.

Þetta, og meira til, er mikilvægt að muna á meðan hávær hópur liggur undir feldi í sumarfríi þingmanna og veltir fyrir sér hvaða mál skuli næst taka fyrir í þeim tilgangi að grafa undan samningnum. Sérhagsmunir útvalinna mega ekki trompa almannahagsmuni.

Í samningsbundnu samstarfi verður ekki bæði sleppt og haldið. Mikilvægast er að huga að því hvernig lítil eyja norður í ballarhafi stenst samanburð sambærilegra borga í öðrum löndum til framþróunar. Ísland er að mörgu leyti einangrað í alþjóðlegu tilliti. Íslendingar búa við mikil lífsgæði sem eru að langmestu leyti tilkomin vegna samskipta við aðrar þjóðir. EES-samningurinn er þar mikilvægastur. Úrval í matvöruverslunum, snjallsíminn í lófanum, kaffið í götumálinu og bíllykillinn í vasanum eru vitnisburður um það.

Þessi fáu dæmi um það sem samningurinn hefur fært okkur kunna að hljóma lítilfjörleg í eyrum sumra. Þau, og fleiri sambærileg mál, eru hins vegar forsenda þess að ungu fólki finnist yfirhöfuð eftirsóknarvert að búa á Íslandi.

**Lengi vel hafa leyfishafar barist gegn þessum breytingum til þess að þurfa ekki að glíma við samkeppni farveitna á borð við Uber og Lyft.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Konungur ESB-andstöðunnar**
Fyrrverandi ráðherranum og borgarstjóraframbjóðandanum Birni Bjarnasyni hefur rækilega tekist að grafa undan Mogga-bloggurum og álíka popúlistum sem líta á sig til hægri. Á meðan aðrir hlæja og yppa öxlum er Björn duglegur að fara yfir rangfærslur í furðuskrifum. Það er ekki annað hægt en að klappa fyrir Birni fyrir að benda á ósómann og fíflaganginn í öðrum andstæðingum ESB. Með því er hann búinn að marka sér stöðu sem konungur ESB-andstöðunnar.

**Land Cruiser í nokkrar vikur**
Nýi Land Cruiser jeppinn frá Toyota fær virkilega flotta kynningu á vef Viljans. Þar kemur sjálfur ritstjórinn, Björn Ingi Hrafnsson, og dásamar flotta jeppann sem hann fékk að reynsluaka í nokkrar vikur. Grein ritstjórans um reynslu sína er bæði ítarleg og nær hann að blanda inn í hana persónulegri fjölskylduferð út á land. Verðið á einu stykki er á bilinu 8 til 15 milljónir. Hér er í raun frábær hugmynd fyrir meðaljóninn til að slá um sig á tjaldsvæðum landsins í sumar. Hann getur sparað sér aurinn og fengið að reynsluaka einu stykki í nokkrar vikur yfir sumarið. Lýst svo reynslunni á kommentakerfum Viljans.

arib@frettabladid.is
adalheidur@frettabladid.is

# Fótboltastríð



Hanna Katrín Friðriksson
alþingismaður

Það er óþarfi að fara mörgum orðum um þá snilld sem kvikmyndin Kona fer í stríð er. Mig langar samt að verja þeim nokkrum á heiti myndarinnar, sem í mínum huga gefur frábær fyrirheit sem myndin stendur síðan fyllilega undir. Almennt fara konur ekki í stríð (af neinum toga). Það er ekkert langt síðan það hefði bara verið afskaplega óviðeigandi tilhugsun. Herskáar konur. Svei.

Það er heldur ekkert langt síðan, svona þegar litið er yfir mannkynssöguna, að konur hófu að iðka keppnisíþróttir. Til dæmis fótbolta. Og enn styttra síðan það varð almennt viðurkennt að þær kynnu eitthvað fyrir sér þar og það væri í alvöru jafn gaman að horfa á góðan kvennafótboltaleik og karlafótboltaleik.

Sem betur fer erum við komin á þann stað núna að víða í hinum vestræna heimi eru aðstæður stúlkna til að æfa þær íþróttir sem þeim sýnist á pari við aðstæður drengja. Við vitum öll að enn er langt í land með að hið fullkomna jafnrétti náist, en það er eins og það er.

Um síðustu helgi lauk flottasta heimsmeistaramóti í kvennafótboltanum sem sagan hefur að geyma og þar sem áhorfendamet voru slegin hægri, vinstri. Það er líklega engin fótboltaáhugamanneskja sem ekki veit að Bandaríkin unnu gullið. Þær fóru ósigraðar í gegnum úrslitakeppnina og vörðu titilinn sem þær unnu líka í Kanada fyrir fjórum árum.

Bandaríska liðið er best í heimi. Um það eru fjölmiðlar sammála. En það er líka fyrirferðarmikil umfjöllun í heimspressunni um aðra þætti liðsins sem ekki virðast vekja jafn mikla hrifningu. Þær tala svo mikið um að vilja vinna. Hvað þær hafi lagt á sig. Hvað þær vilji uppskera. Hvað þeim finnst þær eigi að uppskera. Ekki nægilega lítillátar. Fagna mörkunum of mikið. Of glaðar þegar þær vinna. Of montnar. Ekki nægilega auðmjúkar. Of herskáar.

Svolítið eins og þær séu konur í stríði.

**Ekki nægilega lítillátar. Fagna mörkunum of mikið. Of glaðar þegar þær vinna. Of montnar. Ekki nægilega auðmjúkar. Of herskáar.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson david@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Loftslagshamfarir



Bjarni Már Bjarnason
umhverfissinni

Fæstir átta sig á hve einnar gráðu hækkun hitastigs á jörðinni hefur mikil áhrif.

Til samanburðar var fyrir 22.000 árum kuldaskeið á jörðu og urðu þá hitabreytingar sem voru -4 stig en þá lá ís yfir norðurhveli og náði alla leið suður til New York. Ef hitinn fer í +4 stiga hitun þá verður hann óbærilegur og eyðimerkur ná yfir 75% jarðar.

Mannkynið hefur um það bil einn áratug til að umbreyta heimshagkerfinu til að koma í veg fyrir slíkar hamfarir.

Í dag finnum við fyrir veðrabreytingum og hærri hita. Samkvæmt Umhverfisstofnun Evrópu er von á heitasta sumri sögunnar á meginlandinu. Afleiðingarnar verða hærri dánartíðni, mikill uppskerubrestur, fleiri sinu- og skógareldar, og ofsaveður sem orsakar miklar breytingar á umhverfinu.

**Við 1 gráðu hitun eins og hún er í dag**

Afleiðingarnar sjáum við aðallega í veðrabreytingum og fréttum af útdauða dýrategunda. Dýrategundir lenda í útrýmingarhættu, breytingar verða í jurtaríkinu og margar tegundir lifa þær ekki af.

Miklar breytingar eru í hafinu, með hitun og súrnun sem orsakar dauða kóralrifa, skeldýra og sjávarplantna, og einnig eru fisktegundir í útrýmingarhættu. Hafið tekur við 90% af hitun jarðar og er undirstaða lífs á jörðu. Ísinn á norðurhveli jarðar bráðnar afar hratt og þá truflast jafnvægið á hita sjávar sem hefur síðan veruleg áhrif á vistkerfi hafsins. Það stefnir í fordæmalausar breytingar á sjávarlífi jarðar.

Eftir um 10 ár finnum við mikið fyrir þessum breytingum þar sem margföldunaráhrifin eru hröð. Eftir 30 ár eru aðstæðurnar orðnar mjög alvarlegar og eftir 50 ár gætu þær verið orðnar stjórnlausar. Við verðum að gera mjög róttækar breytingar strax, alls ekki seinna en innan 5 til 10 ára. Annars stefnum við örugglega í 2 gráðu hitun og jafnvel í 3 gráðu hitun.

**Við 1,5 gráðu hitun**

Vísindasamfélagið telur nauðsynlegt að heimurinn haldi sér undir 1,5 gráðum til að varðveita lífvænlega plánetu.

Mikil neysla mannsins hefur bein áhrif á loftslagskreppuna, Ef neyslan heldur áfram í núverandi mynd, mun hún nánast tvöfaldast milli áranna 2017 og 2050. Maðurinn verður að takmarka neysluna um 50% fyrir árið 2030 og 80% fyrir 2050. Það mun krefjast breytinga á þjónustu og því hvernig vörur eru framleiddar í dag. Það stefnir í efnahagslegt hrun og öll hagkerfi heimsins eins og við þekkjum þau í dag munu snarbreytast eða hrynja.



**Þó að við Íslendingar séum fámennir, þá gætum við sýnt öðrum þjóðum fordæmi og gert það sem gera þarf á næstu árum.**

Mörg fyrirtæki munu leggja upp laupana og kapítalisminn hrynur. Lífsgæði verða ekki lengur reiknuð út frá hagvexti. Þetta verður spurning um líf eða dauða.

Einstaklingar geta gert margt með því að minnka neyslu og neyslan verður að vera sjálfbær. En það eru einungis stjórnvöld sem geta komið í kring þeim ógnvænlegu breytingum sem þarf að gera og beita þarf neyðarlögum. Það þarf að snardraga úr og fljótlega að hætta vinnslu kola, jarðolíu og gass, en þessi jarðefni knýja um 80% af orkugjöfum mannsins. Einnig þarf að loka öllum verksmiðjum og fyrirtækjum sem menga og auka koltvísýring í andrúmsloftinu. Það eru um 100 fyrirtæki sem bera sök á helmingi af öllum útblæstri í heiminum í dag. Öll hernaðarframleiðsla þarf að hætta.

Á Íslandi eru 6 stórfyrirtæki sem menga mest og nýta 80% af raforku landsins. Talið er að 90% dýrategunda hverfi við Ísland innan 50 ára.

**Við 2 gráðu hitun**

Óafturkræfur skaði og við förum að missa alla stjórn á aðstæðum. Allir jöklar hverfa eftir 80 til 100 ár og sjávarmál hækkar gífurlega. Hafstraumar breytast og þá gæti kólnað á norðurhveli jarðar. Miklar hamfarir verða, svo hundruð milljóna manna fara á vergang. Stríð, farsóttir og hungur hrjá mannfólkið og milljónir deyja. Veldisvöxtur (vex í hlutfalli við stærð sína) gerist mjög hratt og áhrifin á vistkerfið margfaldast.

**Við 3 gráðu hitun**

Miklir þurrkar sem drepa skóga og lífríki jarðar, vistkerfið þolir ekki þessar breytingar og það hrynur.

**Við 4 gráðu hitun**

Heimur sem fer yfir 4 gráðu hita verður nær óbyggilegur. Eyðimerkur ná um flest svæði suðurhvels jarðar eða um 70% lands á plánetunni. Við erum að lenda í stríði við okkur sjálf. Neyðarástand mun skapast miklu fyrr en nokkur getur ímyndað sér og við stöndum á hengiflugi eftir nokkur ár. Við erum að deyða allt lífríki jarðar á ógnarhraða. Þetta ferli er komið af stað og verður óstöðvandi innan fárra ára. Stór hluti af öllu lífi getur þurrkast út á næstu 50 til 100 árum.

Þó að við Íslendingar séum fámennir, þá gætum við sýnt öðrum þjóðum fordæmi og gert það sem gera þarf á næstu árum. Til að það sé hægt væri hyggilegast að stofna róttæka hreyfingu eða umhverfisflokk fyrir næstu kosningar og komast í valdaaðstöðu. Best væri að fá vísindamenn og umhverfissinna, sem almenningur gæti treyst, til þess að taka við stjórninni, vinna saman og gera það sem gera þarf.

# Landvernd, höldum staðreyndunum til haga!



Ásgeir Margeirsson
forstjóri HS Orku.

Í liðnum mánuði skrifaði Tryggvi Felixson, formaður stjórnar Landverndar, grein í Fréttablaðið undir yfirskriftinni „Glæpur gegn náttúru Íslands“. Þar fer hann m.a. yfir rannsóknir á jarðhitasvæðinu í Trölladyngju og notar í skrifum sínum orðfæri eins og „þau miklu og óþörfu landspjöll ... án nokkurs ávinnings fyrir samfélagið“. Hann segir að einstaklega fögrum jarðhitasvæðum hafi bókstaflega verið rústað. Enn fremur ritar hann: „... ávinningurinn er enginn, þjóðin glataði enn einu af náttúrudjásnum sínum.“ Þetta er alrangt hjá formanninum.

Rétt er að Hitaveita Suðurnesja (forveri HS Orku) og Hafnarfjarðarbær hófu rannsóknir í Trölladyngju árið 2000 og stóðu að fyrstu rannsóknarborun á svæðinu, árið 2001. Árið 2006 lét Hitaveita Suðurnesja bora aðra rannsóknarholu á svæðinu. Fyrri holan er vel nýtanleg með afköstum sem samsvara raforkuframleiðslu fyrir um 4.000 manna byggð. Hiti í holunum gaf góð fyrirheit en ljóst var að þörf var á frekari borunum til að finna kjarna jarðhitakerfisins. Ekki hefur verið ráðist í þær rannsóknarboranir m.a. af ástæðum sem skýrðar eru hér að neðan. Aðalatriðið er þó að rannsóknir á svæðinu leiddu í ljós að Trölladyngjusvæðið væri mjög álitlegt til auðlindanýtingar þar sem sjálfbærni væri höfð að leiðarljósi. Bæði til raforkuvinnslu og til að afla höfuðborgarsvæðinu aukinna tækifæra í öflun heits vatns til hitaveitu. Vöxtur byggðar á höfuðborgarsvæðinu er og hefur verið slíkur að nauðsynlegt er að huga að frekari möguleikum til að tryggja heimilum og fyrirtækjum nægjanlegt heitt vatn til framtíðar, framleiddu með endurnýjanlegum hætti. Það er alls ekki sjálfgefið hvernig slík framtíðarþörf verður uppfyllt.

Reynslan af Auðlindagarðinum á Suðurnesjum, sem byggst hefur upp samfara jarðhitanýtingu í Svartsengi og á Reykjanesi, sýnir að fjöldi tækifæra skapast samhliða auðlindanýtingu, þar sem unnin eru verðmæt störf, útflutningstekjur eru miklar og ferðaþjónusta gríðarleg. Viðbúið er að sambærileg tækifæri myndu skapast við nýtingu jarðhitaauðlindarinnar í Trölladyngju. Auðlindagarðurinn hefur haft mjög jákvæð efnahagsleg áhrif á nærsamfélagið og vert er að benda á þá staðreynd að í Auðlindagarðinum starfa í dag um 1.300 manns og hjá HS Orku 65 manns, sem gerir hann að einum stærsta vinnustað Suðurnesja. Þá hefur verið sýnt fram á verulega jákvæð áhrif Auðlindagarðsins á þjóðarhag og útflutningstekjur. Öll starfsemi Auðlindagarðsins er beintengd jarðhitanýtingu, sem er frumforsenda hans. Það er alrangt að rannsóknir í Trölladyngju hafi engu skilað, þvert á móti benda allar rannsóknir til hins gagnstæða. Ástæða þess að ekki hefur verið haldið áfram með jarðhitarannsóknir í Trölladyngju er að verkefnið er í biðflokki Rammaáætlunar. Þegar verkefni er í biðflokki er ekki heimilt að leggja í s.k. matsskyldar framkvæmdir til nánari rannsókna.

HS Orka virðir leikreglur samfélagsins og fylgir þeim í einu og öllu. Án leyfa er ekki ráðist í framkvæmdir. Fáist hins vegar leyfi og tilskilin samþykki, eins og lög og reglur gera ráð fyrir, er verkefnum í sumum tilvikum haldið áfram. Tilgangurinn er í raun einfaldur; að taka þátt í að mæta þörfum samfélagsins, tryggja þá endurnýjanlegu orku sem það þarfnast og samhliða því að skapa frjóan jarðveg fyrir afleidda starfsemi og fjölda verðmætra starfa, eins og dæmin sýna í Auðlindagarðinum.



# Borga sig glaðir inn á sinn eigin leik

**Eitt af ævintýrum íslenska boltans þetta sumarið er framganga Kórdrengjanna í þriðju deildinni. Liðið er í öðru sæti og spilar í kvöld lokaleikinn í fyrri umferðinni gegn toppliði KV. Leikmenn liðanna ætla að borga sig inn á leikinn til styrktar góðu málefni.**

**FÓTBOLTI** Knattspyrnufélag Vesturbæjar, KV, er með 25 stig og Kórdrengir tveimur stigum minna í þriðju deildinni í fótbolta en liðin spila í kvöld. Þó liðin muni vafalítið berjast innanvallar hafa þau ákveðið að leggjast á eitt og leikmenn, þjálfarar og jafnvel þeir sem koma til með að starfa á leiknum munu borga sig inn en það kostar þúsund krónur inn. Mun allur ágóði leiksins renna í styrktarsjóði þriggja Íslendinga sem féllu frá fyrir skömmu eftir baráttu við krabbamein. Kórdrengir gerðu boli í júní sem var hluti af styrktarsöfnun fyrir #fyrirfanney málefnið. Metnaður þeirra við að láta gott af sér leiða kemur víða fram. Davíð Smári Lamude, þjálfari Kórdrengja, segir að KV hafi átt hugmyndina og það hafi verið auðvelt að segja já við þessari bón.

„KV vildu leggja sitt af mörkum í þessari söfnun og hugmyndin kemur frá þeim. Lífið snýst um meira en bara fótbolta en ef það er hægt að blanda þessu tvennu saman, að láta gott af sér leiða og sparka í fótbolta, þá er það jákvætt,“ segir hann. Fótboltamenn hafa ekki verið mjög duglegir að láta gott af sér leiða miðað við aðrar íþróttagreinar hver svo sem ástæðan er en Kórdrengir bera nafn með rentu.

„Við höfum verið í styrktarsöfnun #fyrirFanney í rúma tvo mánuði sem hefur gengið vel. Hún lést því miður fyrir skömmu en þetta er gert fyrir börnin hennar og KV lagði inn á styrktarreikning okkar fyrir Fanneyju. Þeir höfðu strax áhuga á að láta gott af sér leiða og höfðu samband við mig og vildu gera eitthvað sniðugt í kringum leikinn sem við tökum að sjálfsögðu fagnandi. Það verður mikið húllumhæ bæði innan vallar og utan.“




Kórdrengirnir á æfingu í gærkvöldi í Safamýri þar sem félagið spilar einnig sína heimaleiki. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Davíð segir að í hópi Kórdrengja ríki mikil tilhlökkun vegna leiksins í kvöld. Allir séu heilir og klárir í takkaskóna. „Þetta verkefni okkar er ekki þannig að það sé verið að tjalda til einnar nætur. Við sem stöndum að liðinu viljum gera alvöru fótboltalið og höfum mikinn metnað til þess. Það vilja allir vera með, hvort sem það eru leikmenn eða styrktaraðilar. Við fáum góða mætingu á völlinn og þetta hefur risið hratt.

Það er allt eða ekkert hjá okkur og stundum erum við sem stöndum að liðinu of peppaðir en ég held að við höfum gert þetta nokkuð vel. Þó að við séum nýir í þessu og ég sé að stíga mín fyrstu skref í þjálfun, nýbúinn

> **Þeir höfðu strax áhuga á að láta gott af sér leiða og höfðu samband við mig og vildu gera eitthvað sniðugt í kringum leikinn sem við tökum að sjálfsögðu fagnandi. Það verður mikið húllumhæ bæði innan vallar og utan.**
>
> Davíð Smári Lamude, þjálfari



að fá UEFA-réttindi frá KSÍ, tel ég að leikmenn og aðrir geti verið sáttir. Það vill enginn fara frá okkur og þeir sem ætluðu að stoppa stutt á sínum tíma eru hér enn. Við reynum að hafa góða umgjörð fyrir leikmenn og vöndum okkur þar.

Líkamlegt atgervi leikmanna er mjög gott. Við erum ekki bara að taka þátt heldur erum við í þessu til að vinna. Leikmenn smitast af okkar metnaði og leikmenn sem áður voru of þungir eru komnir með magavöðva og eru óhræddir við að sýna þá,“ segir hann léttur. Fyrir tímabilið fékk liðið Kjartan Guðbrandsson til að koma tvisvar til þrisvar í viku og æfa liðið vel fyrir komandi átök. Það er enginn afsláttur gefinn og allir mæta á allar æfingar.

„Það er enginn sem er að hringja og afboða sig. Við erum með sterka leikmenn og þeir eru með ástríðu fyrir fótbolta og eru ekki komnir hingað til að leika sér.“

Í hópi Kórdrengjanna eru margir leikmenn sem eiga leiki í efstu deild og Íslandsmeistaratitil eins og markvörðurinn Ingvar Þór Kale. „Við erum með gott lið og mér finnst vera stígandi í okkar leik. Við erum með langtímaplan fyrir klúbbinn en fyrsta markmiðið er alltaf að komast upp úr þriðju deildinni sem er ekkert sjálfgefið.“

benediktboas@frettabladid.is

### Skipt jafnt milli málefna

Þeir sem komast ekki á völlinn en vilja styrkja málefnin geta lagt inn reikning KV með skýringunni: KV-Kórdrengir, og verður upphæðum skipt jafnt á milli málefna.
**Kt. 5809061330**
**Rk. 0101-26-061330**

Þeir fáu bolir sem eftir eru verða seldir á leiknum í kvöld. #FyrirFanney styrktarreikningur Kórdrengjanna er:
**Kt. 5104191030**
**Rk. 0133-15-200223**

# Býður fimm milljóna króna verðlaunafé fyrir Lucci

**FÓTBOLTI** Daniel Sturridge, fyrrverandi leikmaður Liverpool, er tilbúinn að gera hvað sem er til að fá hundinn sinn, Lucci, aftur.

Brotist var inn í sumarhús Sturridge í Los Angeles þar sem kappinn er í fríi og ýmsu stolið, þar á meðal hinum krúttlega Lucci sem er af Pomeranian-kyni.

Sturridge birti myndband af sjálfum sér í húsinu þar sem sést brotin glerhurð og er augljóst að framherjinn er í miklu uppnámi. „Ég borga hvað sem er fyrir að fá hann aftur. Hver gerir svona? Brýst inn í hús og stelur hundi. Mér er fúlasta alvara. Ég geri hvað sem er til að fá hundinn minn aftur,“ segir hann meðal annars.

Lucci er að sjálfsögðu með sinn eigin Instagram-reikning sem nokkur þúsund manns fylgja, enda einn krúttlegasti hundur í eigu knattspyrnumanns. Þar sjást þeir félagar á ferð og flugi um allan heim og einnig þar sem hann brosir í myndavélina.

Sturridge birti svo annað myndband þar sem hann lofar 30 þúsund pundum, um fimm milljónum króna, í verðlaunafé fyrir hundinn. Hann segist í kjölfarið ætla að selja sumarhúsið sitt.

Lögreglunni í Los Angeles barst tilkynningin um hálf tvö um nóttina en Sturridge og félagar hans höfðu farið út um kvöldið að skemmta sér. Þegar hann kom til

> **Mér er fúlasta alvara. Ég geri hvað sem er til að fá hundinn minn aftur.**
>
> Daniel Sturridge



Lucci er af Pomeranian-kyni og er eins og sjá má ákaflega krúttlegur.

baka var allt á tjá og tundri í sumarhúsinu hans, töskur horfnar af efri hæðinni og hundurinn sömuleiðis.Lögreglan segir að þrír menn séu grunaðir um innbrotið en samkvæmt fjölmiðlum vestanhafs í gær sjást mennirnir á vappi fyrir utan húsið hans Sturridge á sama tíma og innbrotið átti sér stað.

Þjófarnir snertu ekki á úrasafni Sturridge sem er metið á yfir 300 þúsund pund.

Lucci var ekki fundinn þegar Fréttablaðið fór í prentun en leikmaðurinn kvaddi Liverpool eftir sigurinn í Meistaradeildinni og óvíst er hvert næsta lið hans verður. Eitt er víst að hann þráir ekkert heitar en að hafa Lucci sér við hlið. – bb

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 10. júlí 2019 | 27. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL







# Vilja reisa nýtt félag á rústum WOW

Tveir fyrrverandi stjórnendur hjá WOW vinna að því að stofna nýtt flugfélag á grundvelli hins gjaldþrota félags. Írskur fjárfestingarsjóður sem tengist Ryanair-fjölskyldunni tekur þátt í verkefninu. Óska eftir fjögurra milljarða láni frá íslenskum bönkum. » 4

**500**

**er fjöldi starfsmanna sem stefnt er á að ráða til hins nýja flugfélags á næstu tólf mánuðum.**






»2

### ÍLS fái ekki að setja fé í innlán í Seðlabankann

Seðlabankinn vinnur að breytingum sem miða að því að Íbúðalánasjóður fái ekki lengur að ávaxta lausafé sitt á bundnum innlánum í bankanum. Þurfi að leita annarra fjárfestingakosta. Ætti að vera til þess fallið að auka lánsfé í umferð og lækka vexti á markaði.

»6

### Kaldalón hefur samstarf við alþjóðlegan verktaka

Samstarfið lækkar byggingarkostnað að sögn framkvæmdastjóra félagsins. Reiknar með umtalsverðum vexti eftir skráningu á First North markaðinn. Félagið horfir til uppbyggingar á innviðum.

»10

### Ekki gera ekki neitt

„Hvort sem litið er til aðfanga, launa eða fjárfestinga hafa kostnaðarþættir í rekstri fyrirtækja hækkað ótrúlega hratt á síðasta áratug,“ segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, í aðsendri grein.




# Kári kaupir í Stoðum fyrir um 300 milljónir

Félag í eigu Kára Guðjóns Hallgrímssonar, stjórnanda á skuldabréfasviði fjárfestingabankans JP Morgan í London, var í hópi þeirra fjárfesta sem keyptu undir lok síðasta mánaðar samtals um nítján prósenta hlut Arion banka í fjárfestingarfélaginu Stoðum. Samkvæmt heimildum Markaðarins nam fjárfesting Kára í Stoðum yfir þrjú hundruð milljónum króna sem tryggir honum vel yfir eins prósents eignarhlut í félaginu.

**22**

**milljörðum króna nemur eigið fé Stoða eftir að hlutafé félagsins var nýlega hækkað.**

Tilkynnt var um sölu Arion banka föstudaginn 28. júní síðastliðinn en sjóðir í stýringu Stefnis, dótturfélags bankans, fóru fyrir fjárfestahópnum og keyptu samanlagt um átta prósenta hlut í Stoðum. Samkvæmt heimildum Markaðarins samanstóð kaupendahópurinn af nærri tuttugu sjóðum og fjárfestum.

Hlutafé Stoða var aukið um hátt í 3,7 milljarða króna í lok maímánaðar og nam eigið fé félagsins í kjölfarið um 22 milljörðum króna. Miðað við það má áætla að bókfært virði eignarhlutar Arion banka hafi verið um 4,4 milljarðar króna.

Kári hefur starfað hjá bandaríska fjárfestingarbankanum í sautján ár og undanfarið sem framkvæmdastjóri á skuldabréfasviði bankans. Félagið Vindhamar, sem er í eigu Kára, var á meðal fjárfesta sem tóku þátt í þrjú hundruð milljóna króna hlutafjáraukningu hátæknifyrirtækisins Valka á síðasta ári.

Stoðir, sem eru á meðal stærstu hluthafa í tryggingafélaginu TM, Arion banka og Símanum, högnuðust um 1.100 milljónir króna á síðasta ári. Stærsti hluthafi Stoða er eignarhaldsfélagið S121 sem er meðal annars í eigu félaga á vegum Jóns Sigurðssonar, stjórnarformanns Stoða, Einars Arnar Ólafssonar, fyrrverandi forstjóra Skeljungs, og Örvars Kjærnested, fjárfestis og stjórnarformanns TM. Aðrir helstu hluthafar Stoða eru Landsbankinn með fimmtán prósenta hlut og Íslandsbanki á tvö prósent í félaginu. **– hae**



**Kári Guðjón Hallgrímsson**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG Torg.**, Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5051**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is

RAFMÓTORAR



SCANVER EHF
588 80 40
www.scanver.is
GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR



**Már Guðmundsson lætur af embætti seðlabankastjóra í næsta mánuði.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Fái ekki að setja fé í innlán í Seðlabankann

**Seðlabankinn vinnur að breytingum sem miða að því að Íbúðalánasjóður fái ekki lengur að ávaxta lausafé sitt á bundnum innlánum í bankanum. Þurfi að leita annarra fjárfestingarkosta. Ætti að auka lánsfé og lækka vexti á markaði.**

Vinna stendur nú yfir innan Seðlabanka Íslands, samkvæmt heimildum Markaðarins, sem miðar að því að Íbúðalánasjóði verði ekki lengur heimilt að ráðstafa lausu fé sjóðsins til fjárfestinga í bundnum innlánum í Seðlabankanum. Þess í stað þyrfti Íbúðalánasjóður þá að leita annarra fjárfestingarkosta, meðal annars í innlánsreikningum í viðskiptabönkunum, sértryggðum skuldabréfum bankanna og ríkisskuldabréfum. Innlán sjóðsins í Seðlabankanum nema í dag samtals hátt í hundrað milljörðum króna.

**100**

**milljarðar tæpir er sú fjárhæð sem sjóðurinn er með bundna í innlánum í Seðlabankanum.**

Markmiðið með þessum breytingum, sem væntingar eru um að geti orðið að veruleika innan fárra vikna og væru í reynd ígildi aukins peningamagns í umferð, eru einkum að reyna að auka framboð á lánsfjármagni á fjármálamarkaði. Lausafjárstaða stóru bankanna í krónum hefur versnað mjög á síðustu mánuðum og misserum, en fjármálastöðugleikaráð sá ástæðu til að vekja sérstaklega athygli á þeirri þróun í síðustu fundargerð sinni.

Viðmælendur Markaðarins innan bankakerfisins segja að vegna þröngrar lausafjárstöðu hafni þeir nú í fleiri tilfellum en áður að fjármagna verkefni sem þeir hefðu að öðrum kosti kosið að fjármagna. Bankarnir vilji ekki að lausafjárhlutfall þeirra í krónum verði lægra.

Vextir á sjö daga bundnum innlánum í Seðlabankanum, sem eru iðulega nefndir meginvextir bankans, eru í dag 3,75 prósent en vextir Seðlabankans hafa verið lækkaðir um samanlagt 0,75 prósentur á síðustu tveimur mánuðum. Í árslok 2018 námu innlán Íbúðalánasjóðs í Seðlabankanum um 68 milljörðum en samkvæmt heimildum Markaðarins hafa þau aukist talsvert sem af er árinu og nema nú hátt í hundrað milljörðum. Hið mikla lausafé sem sjóðurinn er með bundið á innlánsreikningum í Seðlabankanum, og hefur aukist verulega síðustu ár, er í raun peningamagn sem hefur verið tekið úr umferð.

## Vaxtalækkanir skila sér illa

Vinna Seðlabankans miðar þess vegna að því, að sögn þeirra sem þekkja vel til, að með því að heimila ekki lengur Íbúðalánasjóði að ávaxta þetta fé á innlánsreikningum í Seðlabankanum heldur að beina því í aðra fjárfestingakosti, eins og í innlán í viðskiptabönkunum, væri það til þess fallið að bæta lausafjárstöðu bankanna og um leið auka útlánagetu þeirra. Þá væri það eins til þess að lækka vexti á markaði ef þessir fjármunir myndu að hluta til leita í fjárfestingar í ríkisskuldabréfum eða sértryggðum skuldabréfum bankanna.

Lausafjáreignir bankanna í krónum hafa dregist saman um tugi prósenta síðustu ár og fór lausafjárhlutfall þeirra allra undir 100 prósent í lok síðasta árs. Í lok fyrsta ársfjórðungs var hlutfallið lægst hjá Landsbankanum, 46 prósent, 93 prósent hjá Íslandsbanka og 106 prósent í tilfelli Arion banka. Til samanburðar var sambærilegt hlutfall á bilinu 90 til 193 prósent á árinu 2016.

Í nýlegri skýrslu hagfræðideildar Landsbankans um stöðu íslensku viðskiptabankanna er bent á að lágt lausafjárhlutfall bankanna þýði að þeir muni hafa takmarkað svigrúm til þess að stækka útlánasöfn sín. „Reglur um lausafé eru nú að okkar mati orðnar meira hamlandi fyrir lánavöxt og arðgreiðslur en eiginfjárkröfur,“ segir í skýrslu hagfræðideildarinnar.

Stefán Broddi Guðjónsson, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka, sagði í samtali við Markaðinn síðasta miðvikudag að „háar eiginfjár- og lausafjárkröfur, auk arðsemi bankanna, gerðu það að verkum að aðgerðir til þess að lækka vexti, til að mynda rýmkun heimilda til þess að eiga veðlánaviðskipti við Seðlabankann, skila sér ekki í eins miklum mæli og annars væri.“

Nýleg breyting á reglum Seðlabankans sem felur í sér að sértryggð skuldabréf bankanna eru nú orðin hæf til trygginga í endurhverfum viðskiptum þeirra við Seðlabankann sé afar jákvætt skref en marki þó engin tímamót. **hordur@frettabladid.is**

# Snarhækka verðmat sitt á Símanum

Hagfræðideild Landsbankans hefur hækkað verðmat sitt á Símanum um tólf prósent frá því í desember í fyrra og metur nú gengi hlutabréfa í fjarskiptafélaginu á 5,2 krónur á hlut. Sérfræðingar bankans segja félagið hafa brugðist vel við tekjusamdrætti með hagræðingaraðgerðum og gera nú ráð fyrir auknum tekjum á næstu árum.

Gengi hlutabréfa í Símanum stóð í 4,58 krónum á hlut við lokun markaða í gær en það hefur hækkað um sextán prósent á undanförnum tveimur mánuðum.



**Orri Hauksson, forstjóri Símans.**

Í verðmati hagfræðideildar Landsbankans, sem Markaðurinn hefur undir höndum, er bent á að kostnaðaraðhald hafi verið „mál málanna hjá Símanum og hefur tekist vel að halda kostnaði í skefjum þrátt fyrir miklar launahækkanir á tímabilinu“.

Verðstríð, brottfall reiki- og heildsölutekna og sala á rekstri hafi valdið samdrætti í sölu síðustu ár en engu að síður hafi EBITDA – afkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – vaxið ár frá ári frá árinu 2015.

Greinendur bankans spá 2,5 prósenta tekjuvexti hjá fjarskiptafélaginu á þessu ári, meðal annars vegna sóknar félagsins í nýja viðskiptavini og möguleika þess til tekjusköpunar í kringum sýningar á enska boltanum. Jafnframt gæti áhrifa af brotthvarfi heildsölu- og reikitekna ekki lengur.

Þá telja sérfræðingarnir enn fremur að EBITDA Símans verði 10.556 milljónir króna í ár en til samanburðar gera stjórnendur félagsins ráð fyrir að EBITDA verði á bilinu 10.200 til 10.700 milljónir króna. **– kij**

# HÁGÆÐA SKRIFSTOFUSTÓLARNIR FRÁ WAGNER

ÚTSALA

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR




Dondola® VELTITÆKNI

**ERGOMEDIC 100-2/100-3**

**119.900 kr.**

fullt verð 189.900 kr.




Dondola® VELTITÆKNI

**ALUMEDIC**

**139.900 kr.**

fullt verð 222.900 kr.

Höfuðpúði seldur sér.

FAGAÐILAR MÆLA MEÐ WAGNER

Elís Þór Rafnsson sjúkraþjálfari

KIRO PRAKTOR STOFA ÍSLANDS



**H1**

**RAFMAGNSBORÐ**

120x80

**52.900 kr.**




**TN MÖPPUSKÁPAR OG HIRZLUR**

# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is

# Stofna nýtt flugfélag á grunni WOW

**Tveir fyrrverandi stjórnendur hjá WOW air vinna að því að stofna nýtt flugfélag á grundvelli hins gjaldþrota félags. Írskur fjárfestingarsjóður sem tengist Ryanair-fjölskyldunni tekur þátt í verkefninu. Óska eftir fjögurra milljarða láni frá íslenskum bönkum.**

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is
Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladi



Hópur fjárfesta og tveggja fyrrverandi stjórnenda hjá WOW air vinnur um þessar mundir, í samfloti við írskan fjárfestingarsjóð sem er í eigu dóttur eins af stofnendum Ryanair, að stofnun nýs íslensks lággjaldaflugfélags á grunni WOW air. Hópurinn hefur leitað til að minnsta kosti tveggja hérlendra banka og óskað eftir láni upp á 31 milljón evra, jafnvirði tæplega fjögurra milljarða króna, til þess að reka hið nýja flugfélag, eftir því sem Markaðurinn kemst næst.

Írski fjárfestingarsjóðurinn, sem ber heitið Avianta Capital og er að fullu í eigu Aislinn Whittley-Ryan en er stýrt af eiginmanni hennar, Simon, hefur skuldbundið sig til þess að leggja nýstofnuðu félagi, WAB air, til 40 milljónir dala, jafnvirði rúmra fimm milljarða króna, í nýtt hlutafé til þess að tryggja grundvöll rekstrar félagsins til þriggja ára.

Fjárfestahópurinn hyggst, fái hann fyrirgreiðslu hjá íslenskum banka, í kjölfarið nýta sér lánsféð sem eigið fé til þess að slá lán hjá svissneskum banka. Lánið frá íslenska bankanum verði þá á læstum vörslureikningi í heilt ár.

Sem endurgjald fyrir fjárfestinguna mun Avianta Capital eignast 75 prósenta hlut í hinu nýja flugfélagi á móti 25 prósenta hlut félagsins Neo en það er í eigu Arnars Más Magnússonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra flugrekstrarsviðs WOW air, Sveins Inga Steinþórssonar, sem stýrði hagdeild WOW air og sat í framkvæmdastjórn flugfélagsins, Boga Guðmundssonar, lögmanns hjá Atlantik Legal Services og stjórnarformanns BusTravel, og Þórodds Ara Þóroddssonar sem hefur starfað sem ráðgjafi í flugvélaviðskiptum í Lundúnum.

Upplýst er um áform fjárfestahópsins, sem var settur saman í kjölfar gjaldþrots WOW air í lok mars síðastliðins, í nýlegu minnisblaði, sem Markaðurinn hefur undir höndum, þar sem lánsbeiðnin er útlistuð.

Aislinn, eigandi Avianta Capital, er dóttir Michaels Kell Ryan sem kom að stofnun Ryanair á níunda áratug síðustu aldar en írska lággjaldaflugfélagið er nú eitt stærsta sinnar tegundar í Evrópu.

Til ráðgjafar við Avianta Capital er, eftir því sem fram kemur í minnisblaðinu, fjárfestingarfélagið Irelandia Aviation sem hefur meðal annars fjárfest í lággjaldaflugfélögunum Ryanair, Tiger Airways í Asíu, Allegiant Air í Bandaríkjunum og Viva Aeurobus í Mexíkó en félaginu er stýrt af Declan Ryan, frænda Aislinn og fyrrverandi forstjóra Ryanair.

### Verði með sex vélar í rekstri

Áætlanir hópsins miða að því að nýja lággjaldaflugfélagið, sem ber í minnisblaðinu heitið WAB air og verður byggt upp á grunni WOW air, hefji rekstur í haust og verði með sex vélar í rekstri sínum fyrsta árið. Er stefnt að því að fljúga til fjórtán áfangastaða í Evrópu og Ameríku en áætlanirnar gera ráð fyrir að ein milljón farþega verði flutt með félaginu á næsta ári og fimm hundruð starfsmenn ráðnir til þess á næstu tólf mánuðum. Þá verði velta félagsins jafnframt um tuttugu milljarðar króna á næsta ári.

Er sérstaklega tekið fram í minnisblaðinu að undirbúningur fyrir umsókn að flugrekstrarleyfi sé langt á veg kominn.

„Félagið verður með áherslu á lágan kostnað, samkeppnishæf verð, afbragðsþjónustu og mikið fjör fyrir sína starfsmenn og viðskiptavini," segir þar jafnframt.

Forstjóri hins nýja félags verður, ef áformin ganga eftir, áðurnefndur Sveinn Ingi en Arnar Már mun gegna starfi aðstoðarforstjóra og framkvæmdastjóra flugrekstrar. Áður en Sveinn Ingi gekk til liðs við WOW air snemma árs 2016 starfaði hann í tæp tólf ár hjá Air Atlanta, þar á meðal sem yfirmaður hagdeildar, en Arnar Már hefur meðal annars starfað sem flugstjóri hjá Ryanair.

Til viðbótar við Svein Inga og Arnar Má mun John Bavister, sem stýrir Avianta Capital með Simon Whittley-Ryan, taka sæti í framkvæmdastjórn nýja flugfélagsins sem fjármálastjóri, að kröfu írska fjárfestingarsjóðsins.

Fréttablaðið greindi í byrjun aprílmánaðar, skömmu eftir að WOW air var tekið til gjaldþrotaskipta, frá áformum stofnandans Skúla Mogensen og nokkurra lykilstarfsmanna flugfélagsins, þar á meðal Arnars Más og Sveins Inga, um að endurvekja starfsemi félagsins en hópurinn leitaði í því skyni fjármögnunar upp á allt að fimm milljarða króna.

Áformin gengu sem kunnugt er ekki eftir en upplýst er um það í minnisblaðinu að fulltrúar hópsins hafi meðal annars fundað með Avianta Capital og kynnt fjárfestingarsjóðnum áætlanir sínar.

Í byrjun maímánaðar hófust síðan viðræður á milli forsvarsmanna sjóðsins og fyrrnefndra Íslendinga, þeirra Arnars Más, Sveins Inga, Boga og Þórodds Ara, með það að markmiði að endurreisa nýtt flugfélag á grundvelli WOW air, líkt og fjallað er um í minnisblaðinu, en þar er tíunduð nauðsyn þess að samkeppni ríki í flugrekstri til og frá Íslandi.

Samkomulag náðist loks um fjárfestingu Avianta Capital í nýstofnuðu flugfélagi, WAB air, þann 28. júní síðastliðinn en eins og áður var minnst á hefur fjárfestingarsjóðurinn skuldbundið sig til þess að leggja flugfélaginu til fjörutíu milljónir dala gegn því að eignast 75 prósenta hlut í því. Á móti munu Íslendingarnir fara með fjórðungshlut.

### Biðlað til bankanna

Fjárfestahópurinn hefur á undanförnum vikum biðlað til að minnsta kosti tveggja banka, Arion banka og Landsbankans, eftir því sem heimildir Markaðarins herma, um að lána Avianta Capital 31 milljón evra, um 3,9 milljarða króna, til eins árs á fimm prósenta vöxtum.

Samkvæmt gögnum sem blaðið hefur undir höndum hyggst fjárfestingarsjóðurinn í kjölfarið leita til ónefnds svissnesks banka um að veita sér lán – til þess að fjármagna rekstur nýja flugfélagsins – út á lánsféð frá íslenska bankanum.



Hópur fjárfesta, þar á meðal tveir fyrrverandi stjórnendur hjá WOW air, hefur leitað liðsinnis íslenskra banka til þess að hefja rekstur nýs flugfélags á haustmánuðum á grunni hins gjaldþrota félags. Hópurinn telur nauðsynlegt að samkeppni ríki í flugrekstri til og frá Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**Sveinn Ingi Steinþórsson, fyrrverandi forstöðumaður hagdeildar WOW air.**



**Bogi Guðmundsson, lögmaður hjá Atlantik Legal Services.**



**Simon Whittley-Ryan, einn stjórnenda Avianta Capital.**

**» Sem endurgjald fyrir fjárfestinguna mun fjárfestingasjóðurinn Avianta Capital eignast 75 prósenta hlut í hinu nýja flugfélagi á móti 25 prósenta hlut Íslendinganna fjögurra.**

## Viðriðinn félag sem rauf viðskiptabann við Íran

Einn þeirra Íslendinga sem koma að stofnun nýja flugfélagsins starfaði fyrir um áratug hjá bresk-írönsku fyrirtæki sem var dæmt til þess að greiða bandarískum yfirvöldum allt að sautján milljóna dala sekt fyrir að brjóta gegn viðskiptabanni Bandaríkjanna gagnvart Íran.

Maðurinn, Þóroddur Ari Þóroddsson, sem hefur um langt skeið starfað í Lundúnum sem ráðgjafi við fjármögnun og útleigu flugvéla, er einn fjögurra Íslendinga sem munu fara með samanlagt fjórðungshlut í hinu nýju flugfélagi, ef áform þeirra ganga eftir, en í minnisblaðinu sem Markaðurinn hefur undir höndum, er hann titlaður sem „fagfjárfestir í flugrekstri".

Þóroddur Ari gegndi í aldarbyrjun, þá ríflega þrítugur að aldri, starfi framkvæmdastjóra Burnham International á Íslandi en áður hafði hann starfað hjá GE Capital Services í Lundúnum og Amsterdam. Hann gekk síðan til liðs við Montrose Global Capital, dótturfélag Bank of America, um miðjan síðasta áratug þar sem hann sinnti einkum ráðgjöf í flugvélaviðskiptum.

Hjá Montrose átti hann meðal annars í samskiptum við stjórnendur bresk-íranska félagsins Balli Group og svo fór að hann réðst að lokum til starfa hjá félaginu.

Dótturfélagið Balli Aviation komst í heimsfréttirnar árið 2010 þegar það viðurkenndi fyrir bandarískum dómstólum að hafa flutt ólöglega frá Bandaríkjunum til Írans sex Boeing 747 þotur í trássi við viðskiptabann fyrrnefnda ríkisins gagnvart því síðarnefnda. Var félaginu gert að greiða samtals 17 milljónir dala, jafnvirði 2,1 milljarðs króna á núverandi gengi, í sekt. Þremur árum síðar var móðurfélagið, Balli Group, tekið til gjaldþrotaskipta.

Þá hefur komið fram í breskum fjölmiðlum að efnahagsbrotadeild lögreglunnar þar í landi rannsaki nú starfsemi Balli Group og dótturfélaga þess en sjö manns voru handteknir í tengslum við rannsóknina árið 2017.

**5,1**

**milljarður króna er fjárhæðin sem Avianta Capital hefur skuldbundið sig til þess leggja hinu nýja flugfélagi til.**

**500**

**er fjöldi starfsmanna sem stefnt er að því að ráða til hins nýja flugfélags á næstu tólf mánuðum.**

DIRTY BURGER & RIBS

# SUMAR TILBOÐ




**OSTBORGARI**
**+ FRANSKAR + GOS** — **1490 KR**

GILDIR LÍKA FYRIR PULLED PORK, VEGAN OG KJÚLLABORGARA

**200 G BEIKONBORGARI**
**FRANSKAR + GOS** — **1990 KR**

FJÖLSKYLDUTILBOÐ

**2 OSTBORGARAR**
**+ 2 BARNAMÁLTÍÐIR**
**+ STÓR FRANSKAR + 2L GOS** — **3990 KR**

DIRTY BURGER & RIBS

MIKLUBRAUT + GNOÐAVOGI
(GILDIR EKKI Á AUSTURSTRÆTI)



Jónas Þór Þorvaldsson, framkvæmdastjóri Kaldalóns, segist vænta þess að skráning félagsins á First North markaðinn muni auðvelda því fjármögnun fyrir framtíðarvöxt. Félagið muni vaxa umtalsvert e

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



# Hefja samstarf við alþjóðlegan verktaka

**Kaldalón hefur hafið samstarf við alþjóðlegan verktaka sem mun lækka byggingarkostnað félagsins að sögn Jónasar Þórs Þorvaldssonar framkvæmdastjóra. Hann reiknar með umtalsverðum vexti eftir skráningu á First North markaðinn. Félagið horfir til uppbyggingar á innviðum.**

Þróunarfélagið Kaldalón er í sóknarhug. Handan við hornið er skráning á First North markaðinn sem mun auðvelda fjármögnun fyrir framtíðarvöxt að sögn Jónasar Þórs Þorvaldssonar, nýráðins framkvæmdastjóra Kaldalóns, en hann segir að fjármálastofnanir hafi á síðustu misserum dregið úr útlánum til uppbyggingar. Jónas Þór telur að nýtt samstarf Kaldalóns við reynslumikinn alþjóðlegan verktaka skapi félaginu sérstöðu í hagkvæmri uppbyggingu íbúða og tækifæri til að taka virkan þátt í þeirri innviðauppbyggingu sem fram undan er.

Kaldalón er ungt félag, stofnað árið 2017, og sérhæfir sig í byggingu hagkvæms íbúðarhúsnæðis. Félagið hefur fjárfest í lóðum á höfuðborgarsvæðinu þar sem gert er ráð fyrir að byggðar verði hátt í 900 íbúðir en þær koma inn á markaðinn á næstu tveimur til sjö árum. Um er að ræða lóðir á Kársnesi í Kópavogi, Vesturbugtinni í miðbænum, Urriðaholti í Garðabæ, Hnoðraholti í Garðabæ, Vogabyggð og á Steindórsreitnum í vesturbæ Reykjavíkur.

„Metnaðurinn stendur til þess að svara eftirspurn stærsta hluta markaðarins eftir gæðahúsnæði á góðum staðsetningum og á samkeppnishæfu verði. Við vitum að til þess þarf að leita allra leiða til að hagræða,“ segir Jónas Þór en Kaldalón hefur samið við alþjóðlegt verktakafyrirtæki, Rizzani De Eccher, sem er 100 ára gamalt ítalskt fjölskyldufyrirtæki með yfir milljarð evra í árlega veltu og starfsemi í fleiri en 100 löndum. Jónas Þór segir að samstarfið sé lykilþáttur í að ná markmiðum Kaldalóns um hagkvæma uppbyggingu.

„Þeir hafa verið að byggja fyrir okkur fyrsta fjölbýlishúsið í Urriðaholti með íslenskum undirverktökum til að koma sér fyrir og læra á það sem er séríslenskt eins og reglugerðir. Það er margslungið verk og flókið að byggja gott og vandað íbúðarhúsnæði fyrir íslenskar aðstæður og fyrir íslenskar reglugerðir. Nú eru þeir farnir að flytja inn undirverktaka frá Ítalíu fyrir flísalagningu, múrverk og fleira,“ segir Jónas Þór.

*Þið sjáið fram á að þetta samstarf muni verða til þess að lækka byggingarkostnað?*

„Já, samstarfið býður upp á fleiri möguleika til að lækka kostnaðinn. Það er ekkert nýtt að allir á byggingamarkaðinum leiti leiða til þess að draga úr kostnaði og láta dæmið ganga upp en með þessu erum við að skapa okkur sterkt samkeppnisforskot. Það er vegna þess að ítalska fyrirtækið býr yfir ýmiss konar tækni og þekkingu sem íslenskir verktakar búa ekki yfir og eins sjáum við fram á sparnað í innkaupum á byggingarefni. Við erum að nýta okkur þeirra sambönd til að kaupa flísar, hellur og alls kyns byggingarefni,“ segir Jónas. Spurður hvernig samstarfið hafi komið til svarar hann að það megi rekja til persónulegra tengsla eins eiganda Kaldalóns og eigenda ítalska fyrirtækisins. Þannig hafi boltinn byrjað að rúlla fyrir um einu og hálfu ári síðan.

*Eru fleiri tækifæri fólgin í samstarfinu?*

„Já, við væntum mikils af þessu samstarfi. Það er rétt að hefjast en hefur átt sér langan aðdraganda. Þeir eru búnir að klára þessar 90 íbúðir í Urriðaholti og næsta mál á dagskrá er að semja við þá um fyrstu íbúðablokkina í Vogabyggðinni. Svo eru þeir sjálfir að vinna í verkefnum á Keflavíkurflugvelli og að leita að fleiri verkefnum. Ef svona fyrirtæki kemur til landsins á annað borð þá ætlar það sér stóra hluti vegna þess að fyrst um sinn er þetta ekkert nema kostnaður. Það er mikil skuldbinding fólgin í því að mæta á svæðið,“ segir Jónas. Hann bætir við að ítalska fyrirtækið hafi stofnað íslenskt félag til að halda utan um starfsemina hér á landi. Kaldalón sé eigandi að litlum hlut í félaginu og Ítalirnir muni kaupa lítinn hlut í Kaldalóni þegar fram í sækir.

*Hafa Ítalirnir furðað sig á íslenskum byggingarreglugerðum?*

„Já, þeir hafa gert það en aftur á móti eru þeir ýmsu vanir enda með verkefni um allan heim. Ég held að hluti af háum byggingarkostnaði og háu fasteignaverði hér á landi sé fólginn í því að byggingarreglugerðirnar eru og hafa verið óþarflega íþyngjandi. Þær eru að mörgu leyti úreltar, sérstaklega í samanburði við hin Norðurlöndin sem við eigum hiklaust að miða okkur við. Þar er búið að fara í gegnum reglugerðirnar og taka út það sem er ekki að skila neinu til íbúðareiganda nema hærra verði.

Hér erum við með alls konar algildar kröfur og lítinn sveigjanleika. Brunareglugerðir hafa til dæmis ekki breyst í áratugi þó svo að þær séu gjörbreyttar í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Það eru ekki nema nokkur ár síðan opnað var fyrir möguleikann á því að byggja undir 40 fermetrum. Sjáðu til, einn þriðji af allri íbúðaþörfinni í dag er fyrir einstaklinga sem þurfa ekki meira en stúdíóíbúðir eða litlar tveggja herbergja íbúðir. Svo standa menn gapandi og skilja ekki af hverju það er svona erfitt fyrir ungt fólk að komast úr foreldrahúsum.“

Kaldalón greindi frá áformum sínum um skráningu á First North markaðinn í byrjun júní. Tillagan var samþykkt á aðalfundi félagsins en undirbúningsvinnan hefur þó staðið yfir í nokkra mánuði. Jónas Þór segir að verið sé að ganga frá formsatriðunum og að stefnt sé að því að skráningin gangi í gegn öðru hvoru megin við næstu mánaðamót. Þá er einnig verið að ganga frá um 400 milljóna króna hlutafjáraukningu frá bæði nýjum og núverandi hluthöfum til þess að

## Hluthafarnir í Kaldalóni

Í lok árs 2018 var stærsti hluthafi byggingafélagsins Kaldalóns einkahlutafélagið RES með tæplega 18,6 prósenta hlut í eigu hjónanna Nönnu Bjarkar Ásgrímsdóttur og Sigurðar Bollasonar. Þá eiga Gunnar Henrik B. Gunnarsson og Lovísa Ólafsdóttir 16,2 prósenta hlut í gegnum Investar.

Viðskiptafélagarnir Þórarinn Arnar Sævarsson og Gunnar Sverrir Harðarson, sem eru meðal annars eigendur fasteignasölunnar RE/MAX á Íslandi, eiga alls 26,4 prósenta hlut í gegnum tvö félög; Loran og Premier eignarhaldsfélag.

Ingibjörg Pálmadóttir, sem á Torg, útgáfufélag Fréttablaðsins, og Jón Ásgeir Jóhannesson, eiga 7 prósenta hlut í gegnum 24 Development Holding. Þá á Gunnar Þór Benjamínsson 3,5 prósenta hlut í gegnum GG optics, sem og Eiríkur Ingvar Þorgeirsson í gegnum ET sjón, Linda Björk Ólafsdóttir í gegnum Sindrandi og Davíð Freyr Albertsson í gegnum DFT.

Kvika banki fór með 9,9 prósenta hlut í Kaldalóni, samkvæmt ársreikningi byggingafélagsins.

# Fólk
Heimili

MIÐVIKUDAGUR 10. JÚLÍ 2019



Hettupeysurnar henta vel bæði fyrir útiveruna og hversdaginn.

# Einstakar ullarvörur með gott notagildi

Hjá GG Sport fást Icebreaker ullarvörurnar sem hafa verið gríðarlega vinsælar á undanförnum árum. Starfsmenn verslunarinnar búa yfir mikilli þekkingu hvað varðar gæðaútivistarfatnað fyrir íslenskar aðstæður. →2


Mömmumatur og meira til!



Hlaðborð alla virka daga
Kynningarverð 1.990 kr.

Íspinni fyrir krakkana í eftirmat 6-12 ára hálft verð, frítt fyrir þau yngstu

Opið 11-21 virka daga

Matarbarinn
Heimilismatur – Mom's food

Laugavegi 178 – matarbarinn.is




Framhald af forsíðu

Icebreaker ullarvörurnar eru gæðaflíkur frá Nýja-Sjálandi. „Það sem gerir þessar vörur sérstakar er að í grunninn eru þetta einu ullarvörurnar sem stinga ekki og draga ekki í sig lykt," segir Leifur Dam Leifsson, annar eigenda GG Sport. „Tilfinningin er eins og þetta sé bómull frekar en ull, fólk hefur ekki kynnst þessu áður."

## Ekki bara fyrir útiveruna

Að sögn Leifs er Icebreaker leiðandi á markaðnum. „Nýsjálenska ullin er Merino ull en er eins og þelull, sem er mikið fínni heldur en Merino ull. Því fínni sem þræðirnir eru því minni líkur eru á að það séu faldar bakteríur í ullinni. Hefðbundin Merino ull er frekar gróf, en ekki þessi. Þess vegna stingur hún ekki."

Verslunin hefur boðið upp á Icebreaker vörurnar í mörg ár. Merkið er vel þekkt í útivistarheiminum en vinsældirnar eru að aukast til muna. „Fólk er byrjað að klæðast þessu dagsdaglega, bæði ungir sem aldnir. Þetta er orðinn hversdagsfatnaður í dag þar sem fólk er í þessu í vinnunni, heima hjá sér og svo auðvitað í almennri útivist."

„Úrvalið er mikið en við erum með allt frá sokkum, nærfötum, leggings, stuttermabolum, langermabolum og peysum í húfur, vettlinga og buff," segir Leifur. „Á hverju einasta ári reynum við að auka úrvalið og bæta við okkur. Vinsældirnar eru alltaf að aukast. Það eru margir sem halda það að þeir sem kaupa Merino ull séu einungis veiðifólk og útivistarfólk, en sú hugsun er að breytast. Þetta er að færast meira yfir í hversdagsleikann."



Nýsjálenska ullin er einstaklega mjúk og fín.

## Sama hvernig viðrar

Snædís Bergmann hefur notað Icebreaker vörurnar í nokkur ár og er gríðarlega ánægð með þær. „Ég er mjög viðkvæm fyrir ull og mig klæjar alltaf rosalega undan henni. Ég var þess vegna ótrúlega ánægð að finna loksins hið fullkomna föðurland fyrir mig. Þetta er mýksta ull sem ég hef komist í snertingu við og sú eina sem stingur mig ekki," segir Snædís.

„Ég uppgötvaði líka að ullin er ekki einungis ætluð til að nota í kulda heldur er hún líka æðisleg í hlýju veðri. Hún heldur á manni hita í kulda en einangrar mann á sama tíma frá hita þegar það er hlýtt úti. Ég á það til að svitna frekar mikið sem er mjög leiðinlegt vandamál en þegar ég er í Icebreakar ullinni svitna ég nánast ekki neitt. Það skemmir heldur ekki fyrir hvað ullin er falleg og hægt að fá hana í mörgum flottum litum," útskýrir Snædís.

Icebreaker býður einnig upp á ullarvörur fyrir börn. „Það er stór plús fyrir okkur því þetta stingur ekki, sem er þægilegt fyrir börnin," segir Leifur. Það er hægt að nota fötin allan ársins hring, ullin hentar vel bæði á sumrin og veturna. „Viðbrögðin eru frábær, fólk er gríðarlega ánægt með þessar vörur frá okkur."



Síðermabolirnir hafa verið vinsælasta varan á undanförnum árum.



Eitt af einkennum sokkanna er hvað þeir eru gríðarlega mjúkir.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Benedikt Bóas Hinriksson,** benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Ásta Eir Árnadóttir,** astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sólrún Freyja Sen,** solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,


Oasis Crewe barna
5.990 kr.
LYKTAR EKKI
100% MERINO ULL
FYRIR UNGA FÓLKIÐ
HLÝRRI
Stingur ekki
Oasis Leggings barna
5.990 kr.
Sphere Tank dömu
8.490 kr.
Away rennd hettupeysa dömu
25.990 kr.
Anatomica Rib Tank herra
7.990 kr.
Compass Shirt herra
19.990 kr.
icebreaker® MERINO
Icebreaker Merino ull - fyrir alla þá sem vilja hlýjan ullarfatnað sem stingur ekki og dregur ekki í sig lykt.
Amplify herra
9.990 kr.
Compass skyrta herra
19.990 kr.
Stingur ekki
Dregur ekki í sig lykt
Saumar sem koma í veg fyrir núning
Náttúruleg vörn gegn bakteríum
Fljótt að þorna
Hnökrar lítið sem ekkert
Þarf ekki ullarþvott, má þvo á 40°
Helix jakki m/hettu dömu
34.990 kr.
Helix jakki herra
31.990 kr.
100% Merino ull
Bolir, leggings, jakkar, sokkar, vettlingar, nærföt, skyrtur og húfur.
Fjölbreytt úrval lita og mismunandi þykktir
Oasis hálfrennd dömu
13.990 kr.
Oasis Crewe herra 11.990 kr.
Zone hálfrennd peysa dömu
16.990 kr.
Sport Bra long
8.590 kr.
Everyday Cami dömu
6.990 kr.
Siren Tank dömu
6.990 kr.
Anatomica Zone Boxers herra
6.590 kr.
Zone Short dömu/herra
7.990 kr.
Oasis Legless dömu
10.990 kr.
Everyday leggings dömu/herra
9.990 kr.
Tech Lite dömu
9.990 kr.
Tech Lite herra
9.990 kr.
Quantum rennd hettupeysa herra
23.990 kr.
Zone Crewe dömu
9.990 kr.
Zone hálfrennd dömu
11.990 kr.
Everyday Crewe dömu
9.990 kr.
Everyday hálfrennd herra
10.990 kr.
Smiðjuvegur 8,
Græn gata
200 Kópavogi,
sími: 571 1020
www.ggsport.is
GG·sport
GG·sport
BYKO
Fylgstu með okkur á Facebook og á Instagram

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



Suzuki mótorhjól. Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

### Bátar

MARÁS
**TOHATSU**
**UTANBORÐSMÓTORAR**




**Léttir** **Kraftmiklir**
**Fyrirferðalítlir** **Sparneytnir**
**Hljóðlátir** **3,5-250 hö**

**Miðhraun 13 - 210 Garðabær**
**Sími: 555 6444 - www.maras.is**

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

Pípulagnaþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Bólstrun

**Svampur.is**
Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:
- Tjaldvagninn
- Fellihýsið
- Húsbílinn
- Bátinn
- Hjólhýsið
- Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

**Fljót og góð þjónusta**
Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

### Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**K2**
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 9086116.**
Ástir,Fjármál,Heilsa. Opið alla daga.

## Keypt & Selt

### Til sölu

**STIGA**

Einstök gæði



**Stiga Estate Pro 9122 XWSY**
Sjálfskiptur lúxus sláttutraktor, 4WD
B&S 8240 Intek mótor, 13,1kW
Sérstyrkt sláttuborð,
360 ltr. graskassi
Frábær traktor í erfiðan slátt

VETRARSÓL
Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is

### Til bygginga




**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heilsa

### Nudd

**NUDD**
Heilsu og slökunarnudd. Opið frá 9-20. Einnig um helgar S. 832 8863.

### Fasteignir

búmenn

**Búseturéttir til sölu**



**Blásalir 24, íb.502**
Til sölu er búseturéttur í 3ja herbergja íbúð í fjölbýlishúsi, ásamt stæði í bílageymslu. Íbúðin er á 5 hæð með miklu útsýni og er 93,2 fm að stærð.

Ásett verð búseturéttarins er kr.12.000.000,- og mánaðarlegt búsetugjald miðað við 1.júlí sl er kr.185.370.

Innifalið í mánaðarlegu búsetugjaldi er afborgun skuldabréfa, fasteigna- og holræsagjöld, rekstur húsfélags, tryggingar, viðhaldssjóður, þjónustugjald og aukagjald.
Þeir sem hafa áhuga á að skoða eignina og/eða gera tilboð í búseturéttinn, vinsamlegast hafið samband við skrifstofu Búmanna í síma 552-5644 eða í gegnum netfangið bumenn@bumenn.is



**Víðigerði 3**
Til sölu er búseturéttur að Víðigerði 3, Grindavík . Eignin er í nýstandsettu og fallegu parhúsi. Húsið er 2ja herbergja, 81 fm ásamt 28,3 fm bílskúr, samtals 109,3 fm.

Ásett verð búseturéttarins er kr.9.800.000,- og mánaðarlegt búsetugjald miðað við 1.júlí, er kr.187.725.

Innifalið í mánaðarlegu búsetugjaldi er afborgun skuldabréfa, fasteigna- og holræsagjöld, tryggingar, viðhaldssjóður og þjónustugjald.
Þeir sem hafa áhuga á að skoða eignina og/eða gera tilboð í búseturéttinn, vinsamlegast hafið samband við skrifstofu Búmanna í síma 552-5644 eða í gegnum netfangið bumenn@bumenn.is

**Þeir sem hafa áhuga á að skoða ofanverðar eignir og/eða gera tilboð í búseturéttinn, vinsamlegast hafið samband við skrifstofu Búmanna í síma 552 5644 eða í gegnum netfangið bumenn@bumenn.is.**
**Tilboðsfrestur fyrir ofanverðar eignir er til 19. júlí nk. kl. 12.00.**
**Tilboðseyðublað er hægt að nálgast á heimasíðu Búmanna; www.bumenn.is**


**HUMBAUR**

**Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!**

**Öllum 750kg kerrum fylgir nefhjól, lás og strappar.**



**Startrailer 1280**
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 120.888 kr. án vsk.



**Gerð 1376**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



**Gerð 1374**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



**Gerð 1384**
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



**Gerð 1339**
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk., en með skráningu.



**Gerð 2331**
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk., en með skráningu.

**Topplausnir**
Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is





…eftir skráninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Við höfum fundið fyrir því að fjármögnunarleiðir fyrir íbúðauppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu eru orðnar þrengri.**

Jónas Þór Þorvaldsson, framkvæmdastjóri Kaldalóns

hækka hlutaféð í 3,7 milljarða áður en félagið verður skráð. Aðspurður útilokar Jónas Þór ekki aðra hlutafjáraukningu á næstu misserum ef félagið ræðst í ný og stór verkefni. Hins vegar sé skráningunni ætlað fyrst og fremst að styðja undir útgáfu skuldabréfa og skapa markað fyrir hlutabréf í félaginu.

„Við væntum þess að skráningin verði mikilvæg fyrir félagið hvað fjármögnunarleiðir varðar og þar með samkeppnishæfni okkar á byggingamarkaðinum. Það er ekki svo erfitt að fjármagna fyrsta veðrétt, þessi hefðbundna veðfjármögnun, þó svo að kjörin geti verið mismunandi. En þú þarft mikla fjármögnun fyrir það sem vantar upp á og ef þú ætlar að skapa hagræði í innkaupum og öðru. Þessi fjármögnun kemur núna að miklu leyti frá hluthöfum en með skráningunni munum við eiga auðveldara með að útvega skuldabréfafjármögnun.“

*Er stefnan síðan sett á aðalmarkaðinn?*

„Skráning á First North getur auðvitað virkað sem stökkpallur en það þyrfti ýmislegt að koma til áður en við færum á aðalmarkað. Í núverandi mynd er félagið kannski of lítið fyrir aðalmarkaðinn en um leið og við höfum tekið fyrsta skrefið með skráningu á First North þá verður mun auðveldara að stækka félagið. Það verður auðveldara að fá inn aðila sem eru kannski í öðrum uppbyggingarverkefnum og sjá hag sinn í því að fá bréf í Kaldalóni og vinna að uppbyggingu verkefna með okkur. Það má reikna með því að Kaldalón muni vaxa umtalsvert eftir skráningu.“

*Hver er framtíðarsýn Kaldalóns? Verður áfram einblínt á íbúðauppbyggingu?*

„Fókusinn verður áfram á íbúðauppbyggingu. Það er langtímaþörf og eftirspurn eftir ákveðinni tegund af íbúðarhúsnæði og við ætlum að vera með mátulega sneið af þeirri köku. En við sjáum tækifæri í þeirri innviðauppbyggingu sem fyrirhuguð er á næstu árum. Hvenær það verður og hver aðkoma okkar að þessum verkefnum verður á hins vegar eftir að koma í ljós,“ segir Jónas Þór. Spurður hvers konar innviðaverkefni komi til greina nefnir hann samgöngumannvirki eins og vegbúta og gangagerð sem dæmi.

„Þetta veltur líka á því hvernig ríkisstjórnin ber sig í þessum málum. Innviðamál hafa verið mikið í umræðunni án þess að mikið gerist enda er ágreiningur á þinginu og innan ríkisstjórnarinnar um hvaða leiðir séu bestar í þessum efnum. Hvenær þetta verður komið á hreint, eftir sex mánuði eða þrjú ár, verður að koma í ljós en maður skyldi ætla að þetta væri á næsta leiti.“

Óvissa skapaðist um framtíð uppbyggingar í Vesturbugt í vor eins og Viðskiptablaðið greindi frá. Framkvæmdir áttu að hefjast um mitt síðasta ár en fjármögnun verkefnisins hefur ekki gengið eftir. Reykjavíkurborg veitti félaginu Vesturbugt sex mánuði til viðbótar við þann frest, sem kveðið er á um í samningum, í von um að ástand á fasteigna- og fjármagnsmörkuðum batni.

Fjármögnun Vesturbugtar var á lokastigi þegar viðskiptabanki Vesturbugtar dró til baka vilyrði fyrir fjármögnun verkefnisins. Var þá gengið til samninga við Kviku banka og síðastliðið haust var tilkynnt að bankinn myndi afla framkvæmdafjármagns til verkefnisins. Jónas Þór segir að verið sé að vinna að fjármögnun verkefnisins og hann sé vongóður um að hún muni ganga eftir á næstu misserum. Segir hann mikilvægt að hafa í huga að Vesturbugtarverkefnið mun koma í sölu eftir þrjú til fjögur ár og telur hann að þá verði markaðsaðstæður góðar fyrir slíkar íbúðir.

*Er orðið erfiðara að fjármagna uppbygginguna?*

„Við höfum fundið fyrir því að fjármögnunarleiðir fyrir íbúðauppbygginu á höfuðborgarsvæðinu eru orðnar þrengri. Þetta hefur gerst jafnt og þétt síðasta eina og hálfa árið. Gjaldþrot WOW air var stór þáttur í þessu en auðvitað var vitað að horfurnar væru að versna löngu áður en félagið féll. Það hefði slæm áhrif á ferðaþjónustuna sem aftur hefði slæm áhrif á íbúðamarkaðinn. Sérstaklega miðsvæðis í Reykjavík þar sem talsvert framboð er í augnablikinu.

Fjármálastofnanir hafa hert skilyrðin, til dæmis með því að lækka lánshlutföllin, eins og eðlilegt er. Þessi þróun hefur síðan haft þau áhrif að það er verið að hefja framkvæmdir á færri og færri íbúðum. Tölur síðustu mánaða sýna að það er verið að hefja framkvæmdir á færri íbúðum á hverjum ársfjórðungi miðað við árið á undan. Það er talsvert í pípunum sem er að klárast en uppbyggingin sjálf er aftur farin að dragast saman.“

Þá nefnir Jónas Þór að árið 2018 hafi verið eina árið frá fjármálahruninu þar sem byggðar voru fleiri íbúðir en meðaltal síðustu 40 ára.

„Flestum ber saman um að það hafi safnast upp 4-7 þúsunda íbúða skortur jafnt og þétt frá hruni. Þessi uppsafnaði húsnæðisskortur er mjög alvarlegur ef við gefum okkur það að Íslendingar vilji ekki allir búa í foreldrahúsum um fertugt. Ég held að það sé enginn spenntur fyrir því. En þá er spurning hvernig þessar 4-7 þúsund íbúðir eiga að vera. Í mínum huga er ljóst að þær mega ekki vera óþarflega stórar eins og flestar íbúðir sem hafa verið byggðar á síðustu árum. Meðalstærðin fyrir hrun var um 120-130 fermetrar en hún þarf að vera 80-90 fermetrar eða jafnvel nær 60-70 fermetrum.“

Jónas Þór hefur mikla og víðtæka reynslu í þróun og uppbyggingu fasteigna á höfuðborgarsvæðinu. Hann var framkvæmdastjóri fasteignaþróunarfélagsins Festis árin 2015-2018 og þar áður framkvæmdastjóri fasteignafélagsins Landfesta árin 2008-2014. Þá var hann áður framkvæmdastjóri Fasteignafélagsins Stoða og stýrði jafnframt fasteignafélaginu Atlas ejendomme á árunum 2005-2007. Spurður um horfurnar á fasteignamarkaðinum segir Jónas Þór að þær séu mismunandi eftir stærð fasteigna og svæðum.

„Ég hef lengi fylgst með markaðinum og það er eitt sem hefur haft ansi mikil áhrif. Það er stefnan sem Reykjavíkurborg tók varðandi Airbnb sem hefur dempað verðhækkanir á miðbæjarsvæðinu. Það var skyndilega ekki hægt að vera með þess konar íbúðir nema á skilgreindum aðalgötum og það varð til þess að fullt af íbúðum varð að fara inn á almenna markaðinn. Gjaldþrot WOW air og fækkun ferðamanna bættist síðan ofan á það. Annars staðar á höfuðborgarsvæðinu voru verðhækkanir ekki háðar þessum þáttum í jafn miklum mæli. Þar sjáum við jafnvel fram á áframhaldandi mildar verðhækkanir í ljósi kostnaðarhækkana vegna kjarasamninga og gengisveikingar.“

*Er áhyggjuefni fyrir Kaldalón að fasteignamarkaðurinn sé að kólna?*

„Nei, verkefnin eru til nokkurra ára og eftirspurnin eftir meðalstórum og litlum íbúðum ætti að vera sæmilega hagfelld. Ég á ekki von á því að meðalstórar íbúðir gefi eftir á góðum stöðum fyrir utan miðbæinn. Hins vegar vitum við að gengisveikingar og launahækkanir munu þrýsta kostnaðinum upp og þess vegna þurfum við að hafa okkur alla við.“

*Hvað geta sveitarfélög tekið til bragðs til þess að liðka fyrir uppbyggingu og fasteignaviðskiptum?*

„Skipulagsmálin eru alltaf þung. Þau eru óskilvirk, taka alltof langan tíma og hlaða kostnaði ofan á verkefni. Það er oft verið að gera meiri kröfur en ástæða er til. Auðvitað er ákveðin jafnvægislist að byggja metnaðarfulla byggð og halda kostnaðinum lágum á sama tíma. Skipulagsyfirvöld þurfa að passa sig að ganga ekki of langt í því að bæta við kröfum um ásýnd byggðarinnar og annað sem felur í sér umtalsverðan kostnað,“ segir Jónas Þór.

## Greiðslur fyrir lóðina í Vogabyggð velta á framvindu hverfisins

Dótturfélag Kaldalóns keypti byggingarrétt á lóðum í Vogabyggð af systurfélagi fasteignaþróunarfélagsins Festis á síðasta ári. Aðaleigendur Festis eru hjónin Ólafur Ólafsson, sem er gjarnan kenndur við Samskip, og Ingibjörg Kristjánsdóttir.

Markaðurinn greindi fyrst frá og vísaði meðal annars í bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar þar sem fram kom að kaupverð byggingarréttarins á fjórum lóðum í Vogabyggð væri alls um 1,5 milljarðar króna og 60 prósent kaupverðsins yrðu greidd með íbúðum í Urriðaholti.

Í ársreikningi Kaldalóns fyrir árið 2018 er fjárfesting félagsins í lóð í Vogabyggð bókfærð á kostnaðarverði, eða um 111 milljónir króna. Þá segir að í kaupsamningnum séu auk þess kvaðir um greiðslu 531 milljónar króna eftir því sem hverfinu vindur fram, og afhendingu eigna í Urriðaholti.

## Fasteignaþróunarverkefni Kaldalóns



**Vesturbugt** **Fjöldi íbúða:** 176 **Stærð:** 27.600 m²



**Vogabyggð** **Fjöldi íbúða:** 273 **Stærð:** 41.000 m²



**Hafnarbraut** **Fjöldi íbúða:** 78 **Stærð:** 12.800 m²



**Grandatorg** **Fjöldi íbúða:** 70 **Stærð:** 8.140 m²



**Hnoðraholt** **Fjöldi íbúða:** Í skipulagi **Stærð:** 5 hektarar



**Bakkabraut** **Fjöldi íbúða:** 120 **Stærð:** 20.500 m²



**Urriðaholt** **Fjöldi íbúða:** 89 **Stærð:** 20.360 m²

# LEX hagnaðist um 235 milljónir króna í fyrra

Hagnaður LEX, einnar stærstu lögmannsstofu landsins, nam 235 milljónum á síðasta ári, samkvæmt nýbirtum ársreikningi stofunnar, og jókst um tíu milljónir króna frá fyrra ári.



Arnar Þór Stefánsson, einn eigenda LEX lögmannsstofu.

Rekstrartekjur lögmannsstofunnar námu liðlega 1.220 milljónum króna í fyrra og jukust um 4,7 prósent frá árinu 2017 þegar þær voru 1.165 milljónir króna. Rekstrargjöldin voru ríflega 938 milljónir króna og hækkuðu um 45 milljónir króna á milli ára. Þar af námu laun og launatengd gjöld 722 milljónum króna, sem er 57 milljóna króna aukning frá fyrra ári, en 45 manns störfuðu á lögmannsstofunni á síðasta ári.

LEX átti eignir upp á samanlagt 761 milljón króna í lok síðasta árs en á sama tíma var eigið fé lögmannsstofunnar tæplega 300 milljónir króna og eiginfjárhlutfallið því um 39 prósent.

Í hópi eigenda LEX eru meðal annars hæstaréttarlögmennirnir Arnar Þór Stefánsson, Guðmundur Ingvi Sigurðsson og Kristín Edwald. – **kij**

# Nýr yfirmaður Medis og breytingar á yfirstjórn

Jo Kim hefur verið ráðin yfirmaður lyfjasölurisans Medis, dótturfélags Actavis, en hún var áður yfir starfsemi Medis í Ástralíu. Hún flytur frá skrifstofu Medis í Sydney til höfuðstöðvanna í Hafnarfirði seinna á árinu. Kim hefur starfað í lyfjageiranum í 25 ár og gekk til liðs við Medis árið 2013.



Jo Kim, nýr yfirmaður Medis.

Þá hefur Jónína Þorbjörg Guðmundsdóttir látið af störfum sem framkvæmdastjóri hjá Medis en hún hefur starfað hjá fyrirtækinu frá árinu 2003. Jo Kim, Hildur Ragnars og Ágúst Helgi Leósson skipa nú framkvæmdastjórn Medis.

Medis selur lyf og lyfjahugvit Actavis til annarra lyfjafyrirtækja um allan heim. Móðurfélagið Teva reyndi sem kunnugt er að selja fyrirtækið fyrir um hálfan milljarð dala og átti í viðræðum við lyfjafyrirtæki í Svíþjóð og Brasilíu. Söluferlinu var hætt í desember á síðasta ári og samhliða því lét Valur Ragnarsson af störfum sem forstjóri Medis. – **tfh**






**Hjördís Elsa segir að fram undan sé kærkomið fjölskyldufrí um landið með fellihýsi í eftirdragi.** LJÓSMYND/ÍRIS DÖGG

# Matvörumarkaðurinn er að breytast mikið

## Svipmynd

**Hjördís Elsa Ásgeirsdóttir**

**Nám:**
M.Sc. í Markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum frá Háskóla Íslands

**Störf:**
Markaðsstjóri Krónunnar

**Fjölskylduhagir:**
Í sambúð með Helga Þór Arasyni.
**Börn:** Ara (9), Breka (7) og Nóa (2).

Hjördís Elsa Ásgeirsdóttir var ráðin markaðsstjóri Krónunnar í vor en hún hefur undanfarin fimm ár starfað hjá Festi, fyrst sem markaðsfulltrúi Krónunnar, Nóatúns og Kjarvals, og nú síðast sem sérfræðingur í markaðsdeild Krónunnar. Hjördís segir að viðskiptavinir Krónunnar séu duglegir að hrósa og benda á hvað betur megi fara.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Ég veit ekkert betra en að ferðast með fjölskyldunni. Fram undan er kærkomið fjölskyldufrí um landið með fellihýsi í eftirdragi og ekkert plan. Á veturna eru svo mánudagskvöldin alveg heilög og frátekin fyrir kóræfingar með Kvennakórnum Kötlu.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Það er engin heilög morgunrútína. Það er frekar mikið fjör á morgnana með þrjú börn og oft smá hasar að koma öllum út úr húsi. Ég fæ mér svo fyrsta kaffibollann í vinnunni en reyni að fasta fyrir hádegi.

*Hvaða bók ertu að lesa eða last síðast?*

Núna eru nokkrar á náttborðinu sem ég gríp í eftir skapi: Mið-Austurlönd, Making of a Manager og Dalalíf eftir Guðrúnu frá Lundi.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í starfinu?*

Það er mikill hraði svo ætli það sé ekki helsta áskorunin, en jafnframt líka það sem er svo skemmtilegt. Viðskiptavinurinn kemur jafnvel daglega og þú færð því fljótt að sjá árangur eða viðbrögð frá viðskiptavinum. Við eigum í miklum samskiptum við viðskiptavini okkar, t.d. á samfélagsmiðlum, og erum mjög þakklát fyrir hvað þeir eru duglegir við að hrósa eða benda okkur á hvað megi betur fara.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í rekstrarumhverfinu?*

Krónan er fyrst og fremst lágvöruverðsverslun og við lofum viðskiptavinum okkar að koma réttu vöruúrvali til þeirra á eins ódýran hátt og mögulegt er. Því þurfum við alltaf að huga að því í öllu sem við gerum. En Krónan ætlar jafnframt að vera framsækin og bjóða sífellt umhverfisvænni lausnir og oft felast miklar áskoranir í því að láta markmiðin ganga upp samtímis.

*Hvaða breytingar sérðu fyrir þér hjá Krónunni á næstu árum?*

Matvörumarkaðurinn er að breytast mikið og mun Krónan taka þátt í þeim breytingum. Vefverslun og fleiri Krónuverslanir verða opnaðar á næstu árum og við munum halda áfram að finna lausnir sem einfalda líf okkar viðskiptavina.

*Hvers konar stjórnunarhætti hefurðu tileinkað þér og hvers vegna?*

Ég reyni að tileinka mér þá eiginleika sem mér hefur þótt góðir hjá öðrum stjórnendum. Ég legg mig t.d. fram við að stuðla að tíðum samskiptum, góðri upplýsingagjöf og náinni samvinnu sem ég tel mikilvæga þætti í góðri teymisvinnu, en ég er svo heppin að vinna í frábæru teymi þar sem allir eru snillingar á sínu sviði.

*Ef þú þyrftir velja allt annan starfsframa, hver yrði hann?*

Ég gæti alveg hugsað mér ýmislegt í skapandi umhverfi t.d. kennari eða rithöfundur.

*Hvar sérðu þig eftir tíu ár?*

Vonandi enn alltaf að læra eitthvað nýtt og að láta gott af mér leiða, reynslunni ríkari með aðeins fleiri hrukkur.

# Fjármögnum innviðafjárfestingar með grænum skuldabréfum



**Andri Guðmundsson**
framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Fossa markaða



**Kristján Guy Burgess**
ráðgjafi um ábyrgar fjárfestingar



Ný skuldabréfaútgáfa ríkissjóðs með bestu vöxtum Íslandssögunnar sýnir vel hversu góður árangur hefur náðst á tíu árum við að byggja ríkissjóð upp eftir efnahagshrunið. Alþjóðlegir lánamarkaðir eru aftur opnir fyrir íslenska útgáfu, lánshæfið batnar og kjörin líka. Eftirspurnin eftir skuldabréfunum var fimmföld og útboðið heppnaðist afar vel.

Þessi árangur dregur fram möguleikana í að þróa á næstu tíu árum sókn Íslendinga eftir hagstæðri fjármögnun á alþjóðlegum mörkuðum. Mörg tækifæri geta falist í því að sækja erlendan gjaldeyri inn í hagkerfið til að fjármagna nauðsynlega innviðauppbyggingu um leið og skapaðar eru forsendur fyrir trausta langtímafjárfestingu fyrir lífeyrissjóði.

Við teljum að nú sé tækifæri til að skoða af alvöru möguleikana á því að ríkissjóður gefi út græn skuldabréf til að fjármagna aðgerðir í baráttunni við loftslagsbreytingar.

**Sjöfaldur ávinningur**

Útgáfa grænna ríkisskuldabréfa getur slegið margar flugur í hverju höggi.

- Græn ríkisskuldabréfaútgáfa er sterkt merki um að ríki taki loftslagsvána alvarlega og ætli að leggja sitt af mörkum.
- Nýir og fjölbreyttir fjárfestar taka þátt í útboðum. Meirihluti fjárfesta í grænu skuldabréfaútboði Póllands voru nýir fjárfestar.
- Það er möguleiki á betri kjörum – Frakkar náðu því í sinni útgáfu, aðrir hafa ekki fengið lakari kjör.
- Aukinn sýnileiki í útboði. Ríki hafa notað græna útgáfu til að vekja athygli á alþjóðavettvangi og byggt undir ímyndarstarf og markaðssókn til að auka verðmæti á útflutningsvörum.
- Stjórnvöld taka þátt í að skapa grænan fjármálamarkað og gefa innlendum fagfjárfestum leiðir til að virkja sitt fé til góðra verka.
- Leið til að flýta nauðsynlegum innviðafjárfestingum sem bæta umhverfið og sækja nýtt fjármagn í stórframkvæmdir.
- Forysta á heimsvísu. Ríki sem ná góðum árangri í grænni útgáfu, eru öðrum fyrirmynd og geta miðlað dýrmætri þekkingu og reynslu.

**Fjármögnun loftslagsaðgerða**

Með vel útfærðri stefnu um útgáfu grænna skuldabréfa til að fjármagna aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, getur Ísland skipað sér í fremstu röð alþjóðlega og sýnt öðrum ríkjum fram á hvernig unnt sé að ná árangri við fjármögnun loftslagsaðgerða. Hvort sem um er að ræða rafbílavæðingu, almenningssamgöngur, fulla rafvæðingu hafna, umhverfisvænt húsnæði, eða endurvinnslu, eru græn skuldabréf ákjósanleg leið fyrir útgefendur og innlenda og erlenda fjárfesta.

**Fylgja eftir árangri Íslands**

Íslendingar eru nú þegar í fararbroddi á heimsvísu hvað varðar græna orkugjafa: ekkert land í heiminum framleiðir hærra hlutfall rafmagns með grænum endurnýjanlegum orkugjöfum og Reykjavík er eina höfuðborg heimsins sem alfarið er hituð með jarðvarma. Hér njótum við forskots á aðrar þjóðir sem mögulegt er að vinna enn betur með, og búa til aukin verðmæti úr. Ef vel tekst til við að koma grænum fjárfestingum á kortið á Íslandi, getur kastljósið á Ísland sem fyrirmyndarland í loftslagsmálum orðið sterkara en nokkru sinni fyrr og skapað landinu áður óþekkt tækifæri.

> **Við teljum að nú sé tækifæri til að skoða af alvöru möguleikana á því að ríkissjóður gefi út græn skuldabréf til að fjármagna aðgerðir í baráttunni við loftslagsbreytingar.**

**Vel heppnuð græn skuldabréfaútgáfa**

Á allra síðustu misserum hafa íslenskir aðilar hafið útgáfu á grænum skuldabréfum með góðum árangri. Landsvirkjun sótti sér fjármagn á Bandaríkjamarkað og Fossar Markaðir unnu með Reykjavíkurborg og Orkuveitu Reykjavíkur í þeirra fyrstu útgáfum á grænum skuldabréfum til að fjármagna innviði fyrir orkuskipti, átak í gerð hjólastíga og í CarbFix verkefnið um kolefnisbindingu í basalt sem hefur notið athygli víða um heim.

Reynslan af þessari útgáfu var mjög góð og lærdómsrík; áhuginn mikill, eftirspurnin stóreykst og kjörin batna. Nýir fjárfestar sækjast eftir að taka þátt. Sjóðir sem fjárfesta með samfélagslega ábyrgum hætti leggja mikið upp úr að finna slíka fjárfestingarkosti og hafa áhuga á að skilja í hvað fjárfestingin fer – sem eru nýmæli hjá kaupendum skuldabréfa. Þetta er leiðin til að virkja fjárfesta – erlenda sem innlenda – með í fjármögnun nauðsynlegra innviða og nýsköpunar um græna framtíð.

**Betri vextir, margföld eftirspurn**

Nokkur Evrópuríki hafa á síðustu árum haslað sér völl við útgáfu á grænum ríkisskuldabréfum og gert það að nýrri fjármögnunarleið fyrir sína ríkissjóði. Hvarvetna hefur reynslan af slíkri útgáfu verið afar góð. Frakkar sóttu sér betri lánskjör en ríkissjóður þeirra naut áður. Pólverjar og Litháar sóttu sér fé til að undirbúa orkuskipti, það gerðu Belgar líka. Írar gáfu út sitt fyrsta græna ríkisskuldabréf í fyrra með góðum árangri og hyggjast halda slíkri útgáfu áfram til að fjármagna skuldbindingar Parísarsamkomulagsins. Svíar undirbúa útgáfu á grænum ríkisskuldabréfum á grundvelli skýrslu sem Mats Andersson, fv. forstjóri eins stærsta lífeyrissjóðs Svíþjóðar, vann fyrir sænska fjármálaráðuneytið, en hann sótti Ísland heim í fyrra á vegum Fossa markaða.

Hollendingar gáfu út sitt fyrsta græna ríkisskuldabréf fyrir fáeinum vikum upp á 6 milljarða evra en tilboð fóru yfir 20 milljarða evra, að miklu leyti frá sjóðum sem vilja fjárfesta í umhverfisvænum fjárfestingum. Eftirspurnin var afar mikil, á 7 mínútum voru tilboð komin yfir 10 milljarða evra og á 18 mínútum yfir 15 milljarða. Grænum fjárfestum var gefinn forgangur að útboðinu sem þeir nýttu sér. Það sýnir að þessi fjármögnunarleið fyrir ríkissjóði er komin til að vera.

**Rétti tíminn nálgast hratt**

Undirritaðir hafa lengi haft áhuga á því að íslenskir aðilar tileinki sér aðferðafræði grænna fjárfestinga. Nú virðast forsendurnar vera að skapast til að stíga stór skref í þessum efnum og að íslenska ríkið gefi út græn ríkisskuldabréf til að fjármagna metnaðarfulla áætlun um aðgerðir gegn loftslagsvá og fyrir kolefnishlutleysi Íslands. Það er ekki eftir neinu að bíða.



# Skotsilfur

## Dýr Ásgeir



Ljóst þótti eftir að Benedikt Gíslason var ráðinn bankastjóri Arion banka að hann væri mjög áfram um að fá **Ásgeir Helga Reykfjörð Gylfason**, framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs Kviku, til liðs við sig. Það gekk eftir og hefur Ásgeir, sem hefur síðustu ár verið lykilmaður í uppbyggingu fjárfestingabankans, verið ráðinn aðstoðarbankastjóri Arion. Þeir Benedikt þekkjast vel en þeir störfuðu saman hjá MP banka og í framkvæmdahópi um losun hafta. Viðbrögð markaðarins við ráðningu Ásgeirs létu ekki á sér standa og lækkaði markaðsvirði Kviku um 800 milljónir í viðskiptum gærdagsins á meðan virði Arion hækkaði um 5 milljarða.

## Dramatísk sveifla



Hugmyndin með þjóðhagsvarúð er að stjórnvöld geti unnið gegn hagsveiflunni í stað þess að magna hana. Margir hafa áhyggjur af því að íslenskum stjórnvöldum sé nú að takast hið síðarnefnda: að dýpka samdráttinn sem er hafinn enn frekar. Nýlegar ákvarðanir fjármálastöðugleikaráðs um að hækka sérstakan sveiflujöfnunarauka bera þess til að mynda merki að ráðið sé að berjast við uppsveiflu eftir að niðursveifla er hafin. **Ólafur Sigurðsson**, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs, segist á Facebook-síðu sinni vera verulega hugsi yfir stöðunni. Þrátt fyrir að hagfræðingar Seðlabankans telji sig hafa fundið taktinn í íslensku fjármálasveiflunni gruni hann að sveiflan verði eftir sem áður dramatísk upp að vissu marki.

## Nýr formaður



**Tryggvi Þorgeirsson**, læknir og einn stofnenda SidekickHealth, hefur verið skipaður stjórnarformaður Tækniþróunarsjóðs til næstu tveggja ára. Hann tekur við formennskunni af Hrund Gunnsteinsdóttur, framkvæmdastjóra Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgðir fyrirtækja, sem gegnt hefur starfinu frá 2015.

# Starfsemi Deutsche Bank umbylt



Christian Sewing, bankastjóri Deutsche Bank, greindi um liðna helgi frá áformum sínum um að endurskipuleggja rekstur bankans, selja milljarðaeignir og segja upp allt að átján þúsund starfsmönnum. Fjárfestingarbankastarfsemi þýska stórbankans, sem hefur átt afar erfitt uppdráttar undanfarin ár, verður skorin verulega niður og áherslan þess í stað lögð á að fjármagna verkefni þýskra og evrópskra viðskiptavina. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ekki gera ekki neitt



**Jóhannes Þór Skúlason**
framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

Undanfarna áratugi hefur samband afkomu í útflutningsgreinum þjóðarinnar og lífskjara almennings í landinu stimplast rækilega inn í þjóðarsálina, þar sem sveiflur gjaldmiðils og gjöfulleiki auðlindanna hefur ráðið miklu um lífsskilyrðin. Lengi vel var sjávarútvegur nær einráður um þetta sveiflusamband og áhrif hans á efnahagslíf þjóðarinnar réð mestu um ákvarðanir stjórnvalda á hverjum tíma. Stóriðja bættist við þegar fram liðu stundir og hefur ráðið stórum ákvörðunum um bæði útgjöld og stefnu um nýtingu náttúruauðlinda. Og nú hefur ferðaþjónusta bæst við og á fáum árum orðið stærsta útflutningsgrein Íslendinga og færir sem slík björg í bú í formi gjaldeyristekna – lífæð lítils útflutningshagkerfis.

Á sama hátt og ýmsar lykilákvarðanir stjórnvalda miðuðust á árum áður við að bregðast við vanda eða ýta undir gott gengi sjávarútvegs og orkufreks iðnaðar með það að markmiði að bæta efnahagslega stöðu þjóðarinnar og þoka lífskjörum upp á við, er í dag skynsamlegt fyrir stjórnvöld og samfélagið að bregðast við vanda og ýta undir gott gengi ferðaþjónustu.

### Af hverju er það efnahagslega skynsamlegt?

Í dag þarf ekki að fella gengi gjaldmiðilsins handvirkt eða sökkva stórum svæðum undir vatn til að treysta stoðir atvinnuskköpunar. Með tilkomu ferðaþjónustunnar hefur efnahagslegur raunveruleiki Íslands breyst. Allar útflutningsatvinnugreinar landsins eru mikilvægar, en með ferðaþjónustu hefur orðið til fjölbreytni sem var sárlega þörf. Samfelldur jákvæður vöru- og þjónustujöfnuður undanfarins áratugar hefur að stórum hluta grundvallast á þessari breytingu og skapað grunn fyrir mikla lífskjarasókn.

Stærstu áskoranir í rekstri fyrirtækja á Íslandi í dag tengjast stórauknum kostnaði á ýmsum sviðum. Hvort sem litið er til aðfanga, launa eða fjárfestinga hafa kostnaðarþættir í rekstri fyrirtækja hækkað ótrúlega hratt á síðasta áratug. Í slíku umhverfi er það skynsamleg nálgun af hálfu stjórnvalda að koma til móts við atvinnulíf með lækkun opinberra gjalda og skatta og ýta þannig undir að atvinnustig haldist hátt, að rekstur fyrirtækja skili arði og þar með sköttum til samfélagsins. Fyrirtæki sem fer úr rekstri vegna ómögulegra rekstraraðstæðna er tapað fé fyrir ríkissjóð.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa bent ítrekað á það undanfarna mánuði að ýmsar aðgerðir sem nýta mætti til að örva ferðaþjónustu á samdráttartímum hafa einmitt bein áhrif til örvunar atvinnulífs í heild sinni. Með hröðum og miklum launahækkunum undanfarin fjögur ár hefur lækkun tryggingagjalds orðið jafnvel enn mikilvægari en áður. Þáttur launa og launatengdra gjalda í rekstri fyrirtækja er orðinn gríðarstór, mun stærri þáttur en í samkeppnislöndum okkar. Lækkun fasteignagjalda á atvinnuhúsnæði getur einnig skipt miklu máli við að lækka kostnað margra fyrirtækja.

### Hvers vegna skiptir þetta máli?

Lykillinn sæm ætti að stýra afstöðu og ákvörðunum um álögur á atvinnugreinar er samkeppnishæfni. Samkvæmt skýrslu World Economic Forum frá 2017 um samkeppnishæfni ferðaþjónustu var viðskiptaumhverfi ferðaþjónustufyrirtækja á Íslandi mælt í 19. sæti – neðst Norðurlandaþjóða. Heildarsamkeppnishæfni íslenskrar ferðaþjónustu var í 25. sæti og hafði þá fallið um sjö sæti síðan 2015. Von er á nýrri skýrslu á þessu ári og miðað við þróunina er líklegt að samkeppnishæfni Íslands muni falla niður töfluna enn á ný. Ákvarðanir stjórnvalda sem örva ferðaþjónustu og bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja hafa mikið að segja um samkeppnishæfni og ferðaþjónusta er atvinnugrein í harðri alþjóðlegri samkeppni. Fjárfesting í rekstrarumhverfi ferðaþjónustu og markaðssetningu Íslands sem ferðamannalands skilar sér því ríkulega til samfélagsins, í bættri samkeppnishæfni, betri afkomu fyrirtækja, hærri skattgreiðslum en ella, betri efnahagslegri afkomu, bættum lífskjörum fólks, hærra atvinnustigi og uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Fjárfesting í uppbyggingu innviða og styrkingu ferðamannastaða getur svo bætt enn fremur við þessa örvandi þróun, ekki síst á tímum efnahagslegrar niðursveiflu eins og nú.

Í dag, alveg eins og áður, er það gengi útflutningsatvinnugreina sem ræður efnahagslegri afkomu samfélagsins og þar með lífskjörum almennings í landinu. Aðgerðir sem bæta aðstæður og samkeppnishæfni lykilatvinnugreina eins og ferðaþjónustu munu því gagnast öllu samfélaginu.

# Óboðleg vinnubrögð

**SKOÐUN**



**Þorsteinn Friðrik Halldórsson**

Forsætisráðherra þarf að taka ákvörðun um það hvort hún muni reiða sig á meingallað mat hæfisnefndarinnar við ráðningu nýs seðlabankastjóra eða ráðast í sjálfstæða rannsókn. Ákvörðunin er prófsteinn fyrir íslenska stjórnsýslu í ljósi þess að embætti seðlabankastjóra er eitt valdamesta embætti landsins og því fylgja enn meiri völd þegar sameiningin við Fjármálaeftirlitið gengur í gegn. Það er ekkert svigrúm fyrir óvönduð vinnubrögð.

Hæfnismatið er ýmsum vanköntum háð. Það tekur ekki mið af því að störf nýs seðlabankastjóra verða eðlisólík störfum forvera hans. Sameining tveggja stofnana, sem báðar eru þjóðhagslega mikilvægar, er risavaxið verkefni og krefst víðtækrar stjórnunarreynslu. Hún krefst einnig færni í mannlegum samskiptum en nefndin taldi ekki ástæðu til að rýna betur í þann hæfnisþátt. Allir umsækjendur komu vel fyrir, eins og nefndin orðaði það sjálf.

Matið var svo óskiljanlegt að halda mætti að nefndarmenn hefðu verið undir þrýstingi að koma tilteknum umsækjendum í síðustu lotuna og útiloka aðra. Þegar horft var til stjórnunarreynslu vó það að hafa verið stjórnarmaður hjá opinberri stofnun þyngra en framkvæmdastjóri með mannaforráð. Og þó að stjórnarmennska hafi vegið þungt virðist nefndin hafa horft fram hjá stjórnarstörfum sumra umsækjenda. Önnur dæmi um þá vankanta sem há hæfnismatinu hafa verið rakin á síðum Fréttablaðsins.

Christine Lagarde, framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, var á dögunum tilnefnd sem bankastjóri Evrópska Seðlabankans. Hún er lögfræðingur að mennt og hefur líklega ekki þurft að smíða flókin haglíkön á löngum starfsferli sínum. Lagarde hefur aftur á móti víðtæka reynslu af stjórnun og fjármálamörkuðum. Þetta skiptir leiðtoga Evrópusambandsins miklu máli og vonandi tekur forsætisráðherra í sama streng. Í Bandaríkjunum tilnefnir forsetinn næsta seðlabankastjóra sem er yfirheyrður af þingnefnd í beinni útsendingu og þarf síðan að hljóta blessun öldungadeildarinnar.

Nú er ágætis tilefni til að staldra við og spyrja hvort nefndir eigi að skipa jafn stóran sess í ákvarðanatöku íslenskrar stjórnsýslu og þær gera í dag. Hvað hefur áunnist? Við sjáum þessa þróun einnig í atvinnulífinu þar sem skráð fyrirtæki hafa keppst um að koma á fót tilnefningarnefnd fyrir stjórnarkjör. Andlitslausar nefndir eru hins vegar engin ávísun á fagleg vinnubrögð.

Það þarf í það minnsta að gera meiri kröfur þegar um er að ræða eitt valdamesta embætti landsins. Boltinn er núna hjá Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra og trúverðugleiki stjórnsýslunnar er í húfi.


NÝTT
laktósafrír
Djæf
MEÐ KARAMELLUKURLI
Daim INSIDE
KÓKOSÍS MEÐ LÚXUSDÝFU
LAKTÓSAFRÍR
MEÐ KARAMELLUFYLLINGU
MEÐ PIPARBRAGÐI
MEÐ VANILLUBRAGÐI
APPELSÍN
ÍSNÁL
emmessis
HNETU
Toppur
NAMMI
emmessis
2019
LURKAR
Trúðaís
with
skyr
and organic berries
Sjeik
rjóminn
af
sumrinu
emmessis.is
emmessis

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 10. júlí 2019

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
fréttabladid.is

Instagram fréttablaðsins @frettabladid

# Kaffitár tapaði 115 milljónum



Kaffitár tapaði 115 milljónum króna á síðasta ári samkvæmt nýlegum ársreikningi kaffihúsakeðjunnar, en til samanburðar varð 40 milljóna króna tap á rekstri keðjunnar árið 2017.

Kaffihúsakeðjan, sem rekur sjö kaffihús á höfuðborgarsvæðinu auk tveggja handverksbakaría undir nafni Kruðerís, skilaði rekstrartekjum upp á alls 1.073 milljónir króna á síðasta ári og drógust tekjurnar saman um 8,3 prósent frá fyrra ári þegar þær voru um 1.170 milljónir króna.

Rekstrartap Kaffitárs nam tæplega 18 milljónum króna í fyrra, að því er fram kemur í ársreikningnum, borið saman við rekstrarhagnað upp á 25 milljónir króna árið 2017.

Eignir keðjunnar voru 1.338 milljónir króna í lok síðasta árs en á sama tíma var eigið fé hennar um 483 milljónir króna og eiginfjárhlutfallið því 36 prósent.

Samkeppniseftirlitið samþykkti sem kunnugt er í lok mars síðastliðins kaup Nýju kaffibrennslunnar, systurfyrirtækis heildsölu Ó. Johnson & Kaaber, á Kaffitári en seljandi var Aðalheiður Héðinsdóttir sem stofnaði kaffihúsakeðjuna árið 1990. **– kij**

**03.07.2019**

**Ég veit ekki hvort það endurspeglar eignarhaldið eða hvort þetta er gömul stofnanamenning. Hitt veit ég að slíkt myndi ekki viðgangast í einkafyrirtæki. Það hefði ekki efni á því.**



Birgir Jónsson, forstjóri Íslandspósts

## Stjórnarmaðurinn

# Streymisbarátta

**Hlutabréf** í streymiþjónustunni Netflix hafa hækkað 8.500-falt í verði undanfarinn áratug. Þrátt fyrir gríðarlega fjölgun áskrifenda og almenna velgengni hefur verðmatið á engan hátt endurspeglað afkomu eða aðrar kennitölur Netflix. Verðlagning hefur byggst á framtíðarvæntingum, og hugmynd um að Netflix sé framtíð sjónvarps.

**Auðvitað** er rétt að Netflix hefur náð undraverðri útbreiðslu. Áskrifendur eru um 140 milljónir talsins. Það er ekki nema brot af þeim heimilum sem bitist er um, enda heimurinn undir. Þrátt fyrir þessa ótvíræðu vaxtarmöguleika eru nú ýmsir sem spá því að erfiðir tímar séu fram undan. Verð á bréfum félagsins er eilítið lægra en fyrir ári.

**En hver** er ástæðan? Velgengni Netflix byggðist á því að hafa verið fyrstir til að kveikja á streymismódelinu. Netflix framleiddi ekki neitt í fyrstu heldur keypti sýningarrétt á efni sem aðrir framleiddu. Þar leituðu þeir í smiðju stóru stúdíóanna í Hollywood, Warner, Disney, Fox og svo mætti áfram telja. Smám saman kveiktu stóru kapparnir á perunni. Hvers vegna að búa til risakeppinaut þegar þú getur skapað eigin streymiþjónustu. Það var fyrst reynt með Hulu, síðar HBO, og nú síðast Warner og Disney. Þjónustu þess síðastnefnda, Disney+, er beðið með eftirvæntingu en ýta á henni úr vör með haustinu. Allir þessir stóru selja Netflix ekki lengur efni eða eru að vinda ofan af samningum.

**Netflix** hefur löngu séð þennan möguleika fyrir. Þeirra krókur á móti bragði var að hefja framleiðslu eigin efnis. Þótt ýmislegt hafi tekist vel í þeim efnum er ekki nægileg dýpt að baki til að eigið efni standi undir Netflix í þeirri mynd sem við þekkjum. Framleiðsla á eigin efni er dýrt spaug og engar líkur á að fjárstreymi og efnahagsreikningur Netflix standi undir mikilli aukningu frá því sem nú er. Það gerir hins vegar bakland internetrisanna Apple og Amazon. Hinn síðarnefndi rekur Amazon Prime og Apple ýtir Apple + úr vör í haust. Þar bætist því enn ein risahindrunin við á vegferð Netflix. Vasarnir verða ekki dýpri.

**Einhver** sagði að sjaldnast nytu þeir eldanna sem fyrstir kveiktu þá. Spennandi verður að sjá hver verður hlutskarpastur í streymisbaráttunni. Gömlu Hollywood-risarnir hafa allavega hvergi nærri sagt sitt síðasta. Nýrri risar eins og Apple og Amazon munu heldur ekki skjóta neinum púðurskotum.






## Heimilið

### Barnavörur




**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## Atvinna

### Atvinna í boði

Óska eftir smið í vinnu eða manni vönum smíða vinnu. Looking for a carpenter or a man used to carpenter work (english speaking) upplýsingar í síma 893-5374 eða nybyggd@simnet.is

Óskum eftir meiraprófsbílstjóra til starfa sem getur hafið störf strax. Upplýsingar í worknorth@simnet.is eða í síma 852-5808. Þorsteinn.

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

### Atvinnuhúsnæði

**FRÍSTUNDABIL.**
TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil. Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús. Facebook: Steinhella 14. Sími: 661-6800

**ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?**
Finndu þitt starf á Job.is
FRÉTTABLAÐIÐ.IS Job.is

### Húsnæði til sölu



**HÚS OG LAND!**
Til sölu,50 ferm. nýtt hús 2 svefnherb.2 baðherbergi.Fullbúið hús einnig 1.hektari eignarland í Rangárvallasýslu! Verð.9.900.000 Allar uppl. 820 5181.

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir

- **Lagning 3 fasa jarðstrengs að þjónustumiðstöð á Þingvöllum, Bláskógabyggð**
- **Tinhella 8, móttaka og vinnsla brotajárns, Hafnarfjarðarbæ**

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **12. ágúst 2019.**

**Þarftu að ráða?**

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

# LÆKKAÐ VERÐ




**SUZUKI IGNIS**
4x4. 3/2017, ekinn 27 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Frábær fjórhjóladrifinn bíll
**Verð núna 2.180.000.-**
Verð áður 2.380.000.-
Rnr.280296.




**HYUNDAI I20 COMFORT**
2/2018, ekinn 20 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, EKKI BÍLALEIGUBÍLL.
**Verð núna 2.190.000.**
Verð áður 2.390.000.-
Rnr.152628.




**NISSAN PULSAR TEKNA DIESEL**
3/2016, ekinn 22 Þ.km 6 gírar. GPS,bakkmyndavél, og m/fl mjög vel útbúinn bíll
Verð núna 1.850.000.-
**Verð áður 2.190.000.**
-Rnr.280453.




**TOYOTA AYGO H/B X-PLAY.**
6/2018, ekinn 22 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð núna 1.490.000.**
Verð áður 1.690.000.-
Rnr.280419.




**TOYOTA RAV4 GX PLUS**
4x4. 6/2016, ekinn 88 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, bakkmýndavél, og m/fl.
**Verð núna 3.190.000.**
Verð áður 3.490.000.-
Rnr.312067.




**TOYOTA COROLLA LIVE DIESEL**
5/2016, ekinn 87 Þ.KM, 6 gírar.
**Verð núna 1.750.000.**
Verð áður 1.990.000.-
Rnr.280324.




**TOYOTA C-HR C-CULT HYBRID**
8/2018 , ónotaður,sjálfskiptur bensín/hybrid Leður og bakkmyndavél og m/ fl.
**Verð núna 4.250.000.**
Verð áður 4.490.000.-
Rnr.289941.




**TOYOTA HI-LUX VX INVISIABLE 33”**
4/2018, ekinn 12 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur, dráttarkrókur, heithúðun á palli, einn m/ öllu.
**Verð núna 7.650.000.**
Verð áður 7.950.000.-
Rnr.152643.

**Þessum bifreiðum fylgir 100 þúsund króna eldsneytiskort frá Olís.**

**BÍLAHÖLLIN**

Bíldshöfða 5, 110 Reykjavík
**S. 567 4949**
Opnunartími virka daga:
Mán-föst kl. 10-18



Arndís Ósk á rætur á Mýrum í Hornafirði þar sem hún starfar við ferðaþjónustu í sumar. MYND/GUÐRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR

# Mannréttindi í efsta sæti

**Arndís Ósk Magnúsdóttir útskrifaðist með láði frá Framhaldsskólanum í A-Skaftafellssýslu í vor og er meðal 29 nemenda sem hlutu styrk úr Afreks- og hvatningarsjóði HÍ.**

Arndís Ósk er í önnum heima hjá sér að Hólmi á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu þegar hringt er í hana. Þar rekur fjölskylda hennar gistingu og veitingastað, auk hefðbundins búskapar með tilheyrandi heyskap á þessum árstíma. Hún kveðst hafa unnið þar á sumrin frá því hún var krakki og alltaf sé nóg að gera. „Það er kannski örlítið minna að gera í ferðaþjónustunni en í fyrra, en samt fullt og alls ekki hægt að kvarta,“ segir hún.

Arndís Ósk útskrifaðist með besta árangur á stúdentsprófi frá Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellsýslu (FAS) í vor og í nýlegu viðtali í Eystrahorni ber hún mikið lof á skólann og andrúmsloftið þar, sem hún segir hvetjandi og skapandi. Hún ætlar að hefja laganám í haust við Háskóla Íslands og hlaut nýlega styrk úr Afreks- og hvatningarsjóði skólans. Samkvæmt Eystrahorni eiga styrkþegar það sameiginlegt að hafa náð framúrskarandi námsárangri og einnig verið virkir í félagsstörfum, listum eða íþróttum og Arndís Ósk hefur stundað píanónám í Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu í tíu ár og gert sig gildandi í félagsmálunum þar eystra.

Spurð af hverju lögfræðin hafi orðið ofan á þegar hún valdi háskólagrein svarar Arndís Ósk: „Ég hef brennandi áhuga á mannréttindum og stefni að því að starfa innan þess sviðs, held að laganámið sé ágæt nálgun að því, ég ætla að minnsta kosti að prófa.“ Hún kveðst hafa verið í ungmennaráði og nemendaráði fyrir austan og líka sjálfboðaliði fyrir Amnesty International. „Ungliðastarf Amnesty hefur verið kröftugt á höfuðborgarsvæðinu en ég og vinkonur mínar á Höfn stofnuðum Austurlandsdeild árið 2016,“ lýsir hún.

Störfin innan deildarinnar felast í að halda viðburði og vera með undirskriftasafnanir öðru hverju að sögn Arndísar Óskar. „Við látum sjá okkur á ýmsum samkomum og reynum að vísa í umræðuna sem er efst á baugi hverju sinni. Á nýliðinni Humarhátíð sögðum við þeim sem heyra vildu sögur af umhverfissinnum sem hafa barist fyrir náttúruna en orðið fyrir aðkasti og höfum líka verið með jafningjafræðslu við Grunnskóla Hornafjarðar,“ lýsir hún. Segir starfsmenn og nemendur FAS hafa stutt þær dyggilega. „Við höfum fengið styrk í fjöldanum þar.“

gun@frettabladid.is




✝

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gústaf Óskarsson**
kennari,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands
þriðjudaginn 2. júlí. Útför hans verður gerð
frá Hveragerðiskirkju föstudaginn 12. júlí klukkan 14.00.

**Kristbjörg Markúsdóttir**
**Ólafur Jón**
**Ragnheiður Helga**
**Ósk**
**Hans**
**Áróra**
**Óðinn**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar og afi,

**Jakob Árnason**
Helgamagrastræti 4, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri
föstudaginn 28. júní.
Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju
föstudaginn 12. júlí kl. 13.30.

**Jóna Jónasdóttir**
**börn og barnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamamma,
amma og langamma,

**Magndís Guðrún Ólafsdóttir**
Njarðarvöllum 6, Reykjanesbæ,

lést í faðmi fjölskyldunnar á
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
þann 22. júní.
Útförin fór fram 4. júlí í kyrrþey að hennar ósk.

**Ingimundur Magnússon** **Ingibjörg Þorsteinsdóttir**
**Magnús Magnússon** **Jóhanna Hafsteinsdóttir**
**Svanbjörg Kristjana Magnúsdóttir** **Gissur Baldursson**
**Arnar Magnússon** **Kristbjörg Eyjólfsdóttir**
**Dagrún Njóla Magnúsdóttir** **Einar S. Sigurðsson**
**Björk Magnúsdóttir** **Tómas Árni Tómasson**
**Brynja Bjarnfjörð Magnúsdóttir** **Ólafur M. Sverrisson**
**ömmu- og langömmubörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir og amma,

**Guðríður Þorsteinsdóttir**
Ljómatúni 11, Akureyri,

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju
mánudaginn 15. júlí kl. 13.30.

**Ólafur Ágústsson**
**Lilja Ólafsdóttir og Þórólfur Steinar Arnarson og börn**
**Ágúst Ólafsson og Valborg Rósudóttir og börn**
**Þorsteinn Ólafsson og Thelma Björg Stefánsdóttir og börn.**



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Önundardóttir**
frá Neskaupstað,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði
fimmtudaginn 27. júní.
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju
fimmtudaginn 11. júlí kl. 13.00.

**Bjarni Gunnarsson** **Gerður Gunnarsdóttir**
**Salóme Rannveig Gunnarsdóttir** **Þorkell Guðmundsson**
**Kristján Gunnarsson** **Hrafnhildur H. Rafnsdóttir**
**Haraldur Gunnarsson** **Kolbrún Jónsdóttir**
**Kristjana Una Gunnarsdóttir** **Kristján Hjálmar Ragnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðbjörg S. Petersen**

lést á Droplaugarstöðum
þriðjudaginn 2. júlí. Útför hennar fer
fram frá Fossvogskirkju föstudaginn
12. júlí klukkan 15.00.

**Steinn Guðmundsson**
**Guðný Á. Steinsdóttir**
**Sigríður Steinsdóttir**
**Klara Steinsdóttir** **Áki G. Karlsson**
**Hildur Friðriksdóttir**
**Steinn Friðriksson** **Marta G. Blöndal**
**Steinn Rud Johnsson**
**Atli Gauti Ákason**
**Orri Steinn Ákason**
**Soffía Steinsdóttir Blöndal**



∞

Ástkær unnusti, faðir, sonur,
tengdasonur, bróðir og barnabarn,

**Guðmundur Hreiðar Guðjónsson**
Sléttahrauni 23, Hafnarfirði,

lést af slysförum 30. júní sl.
Útför hans fer fram frá Víðistaðakirkju
í Hafnarfirði laugardaginn 13. júlí klukkan 13.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem
vilja minnast hans er bent á styrktarreikning fyrir dóttur
hans, 0586-18-050412, kt. 050412-2370

**Sara Dögg Alfreðsdóttir**
**Hildur Heiða Guðmundsdóttir**
**Elín Þóra Guðmundsdóttir** **Kjartan Kjartansson**
**Marteinn Þórarinsson** **Sigurveig Guðmundsdóttir**
**Alfreð G. Maríusson** **Þórdís Geirsdóttir**
**systkini, amma, afi og ástvinir.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir og amma,

**Heiðrún Sigurbjörnsdóttir**
Birkigrund 61, Kópavogi,

lést sunnudaginn 30. júní 2019 á
hjúkrunarheimilinu Grund.
Útförin verður fimmtudaginn 11. júlí
kl. 13.00 í Hjallakirkju.

**Svanur Sveinsson**
**Sveinn Halldór Svansson** **Marianne Toftdal**
**Freyja Svansdóttir** **Nanna Sigrún Georgsdóttir**
**Ólafur Örn Svansson** **Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
vinur og amma,

**Svanhildur Guðrún Benónýsdóttir**
Njarðarvöllum 2, Reykjanesbæ,

lést á Landspítalanum við Fossvog
fimmtudaginn 4. júlí. Útförin fer fram
frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 11. júlí kl. 11.

**Halldór G. Guðmundsson** **Inga Rut Ingvarsdóttir**
**Helga Katrín Emilsdóttir** **Guðbrandur Þór Bjarnason**
**Emil Páll Jónsson**
**og barnabörn.**

# ALLT INNIFALIÐ

## MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM




ÖLL VERÐ MIÐAST VIÐ
FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU

AUKAHLUTIR S.S. LUKT OG VASI FYLGJA EKKI MEÐ Í TILBOÐI

## ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu.
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

MÖRKIN 4
108 REYKJAVÍK

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 15 °C | 4 → |
| Ísafjörður | 14 °C | 3 ↙ |
| Akureyri | 18 °C | 3 ↙ |
| Egilsstaðir | 12 °C | 7 ↖ |
| Kirkjubæjarkl | 10 °C | 5 ↖ |
| Hveravellir | 14 °C | 2 ↑ |

Austan 3-8 m/s, en 8-13 með suðurströndinni. Skýjað að mestu og skúrir á við og dreif, en þurrt og bjart norð-austan til. Dálítil væta syðst í nótt. Hiti 10 til 20 stig, hlýjast á Norð-austurlandi.

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 15 °C | 3 ↘ |
| Ísafjörður | 15 °C | 3 ↙ |
| Akureyri | 17 °C | 4 ↓ |
| Egilsstaðir | 15 °C | 5 ↑ |
| Kirkjubæjarkl | 11 °C | 2 ↑ |
| Hveravellir | 15 °C | 1 ↑ |

## Föstudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 13 °C | 2 ↘ |
| Ísafjörður | 10 °C | 1 ↙ |
| Akureyri | 14 °C | 1 ↙ |
| Egilsstaðir | 13 °C | 2 ↘ |
| Kirkjubæjarkl | 13 °C | 2 ↖ |
| Hveravellir | 12 °C | 4 ↗ |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | | | 3 | | | 8 | 2 |
| | 8 | | 9 | | | | | 7 |
| | | | 5 | | | | | |
| 4 | | 6 | | | 7 | 8 | | 9 |
| | 5 | | 1 | 9 | 3 | | | 4 |
| | 2 | | | | | | | |
| 2 | 3 | | | 4 | 5 | | 1 | |
| | | | | 6 | | | | |
| | 9 | | 8 | | | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | | 1 | | 9 | | |
| 8 | 9 | 5 | | | | 4 | | |
| | | | 9 | | | 6 | | 8 |
| 3 | | 9 | 6 | 7 | | 5 | 8 | 1 |
| | | | 3 | 4 | | | | |
| | | | | | | | | |
| 5 | 2 | 8 | | | | 7 | | 4 |
| | | | 4 | 5 | 9 | | 3 | |
| | | | | | | | 5 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | 3 | | | 6 | |
| 3 | | 7 | | | | | | 5 |
| | 5 | | 7 | 8 | | | 2 | |
| 6 | 1 | | | | | | | |
| | | | 1 | 4 | | | | |
| 2 | | 9 | | | | 7 | | |
| | | 3 | | 2 | | | | 4 |
| | | | 3 | | 9 | 5 | | |
| | | 1 | | 7 | 6 | | | 3 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 Hneta
5 Dá
6 Í röð
8 Losna frá
10 Samtök
11 Ástæður
12 Þófta
13 Jurt
15 Tala
17 Vandræði

**LÓÐRÉTT**
1 Munnmæli
2 Lampi
3 Sóða
4 Nirfill
7 Íþrótt
9 Steppa
12 Sannarlega
14 Lyftist
16 Utan

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 akarn, 5 rot, 6 áb, 8 flagna, 10 sa, 11 rök, 12 sess, 13 gras, 15 nítján, 17 stand.
**LÓÐRÉTT:** 1 arfsögn, 2 kola, 3 ata, 4 nánös, 7 baksund, 9 gresja, 12 satt, 14 ris, 16 án.

## Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik



Casas átti leik gegn Piazzini í Buenos Aires árið 1962.

**1. Dxh7+! Kxh7 2. hxg5+ Kg6 3. Re7# 1-0.** Björn Þorfinnsson og Stefán Steingrímur Bergs-son sitja að tafli þessa dagana í Portoroz í Slóveníu. Vignir Vatnar Stefánsson, Gauti Páll Jónsson og Arnar Milutin Heiðarsson tefla í Paracin í Serbíu.

**www.skak.is:** Íslendingar tefla erlendis.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 2 | 9 | 7 |
| 7 | 9 | 1 | 8 | 2 | 4 | 3 | 5 | 6 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 5 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 3 | 6 | 5 | 7 | 4 | 8 | 9 | 1 | 2 |
| 9 | 1 | 8 | 2 | 3 | 6 | 4 | 7 | 5 |
| 5 | 7 | 9 | 4 | 6 | 3 | 1 | 2 | 8 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 7 | 9 | 5 | 3 | 4 |
| 1 | 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 8 | 4 | 6 | 7 | 3 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 6 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 1 | 3 | 2 | 4 | 5 |
| 7 | 5 | 9 | 2 | 3 | 4 | 6 | 1 | 8 |
| 4 | 6 | 3 | 5 | 8 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 8 | 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 4 | 5 | 3 |
| 9 | 2 | 7 | 1 | 6 | 5 | 3 | 8 | 4 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 9 | 7 | 5 | 6 | 2 |
| 5 | 3 | 6 | 4 | 2 | 8 | 1 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 5 | 9 | 8 | 6 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 1 | 5 | 2 | 4 | 3 | 9 |
| 5 | 3 | 2 | 6 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 4 | 1 | 6 | 2 | 3 | 8 | 9 | 5 | 7 |
| 8 | 9 | 7 | 4 | 1 | 5 | 3 | 2 | 6 |
| 7 | 5 | 4 | 8 | 2 | 9 | 1 | 6 | 3 |
| 9 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 2 | 7 | 4 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 4 | 1 | 5 | 9 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










# Síðasta haustið vekur upp sterkar tilfinningar

**Fullt var á öllum sýningum heimildarmyndarinnar Síðasta haustið sem heimsfrumsýnd var á stórri kvikmyndahátíð í Tékklandi 1. júlí. Áhorfendur sýndu efninu mikinn áhuga að sögn höfundarins, Yrsu Roca Fannberg.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Kvikmyndahátíðin í Karlovy Vary er stór og þangað koma margir almennir áhorfendur, auk fagfólks í kvikmyndum,“ segir Yrsa Roca Fannberg, nýkomin heim frá Tékklandi þar sem mynd hennar, Síðasta haustið, var heimsfrumsýnd.

Í stuttu máli fjallar myndin um síðasta haustið sem hjónin Úlfar Eyjólfsson og Oddný Þórðardóttir á Krossnesi á Ströndum smala fé sínu í réttir því þau eru að leggja búskapinn af. Hún var tekin haustið 2016 þegar fjórir bændur af átta hættu búskap í Árneshreppi.

Yrsa segir aðstandendur myndarinnar hafa fundið fyrir miklum meðbyr í Karlovy Vary. „Það var fullt á öllum sýningum og áhorfendur þurftu margs að spyrja,“ segir hún. „Meðal þess sem vakti forvitni var af hverju myndin væri tekin á filmu en ekki með stafrænni tækni, eins og nú er langalgengast. Ég viðurkenni að það var pínu áskorun að taka hana á filmu, því þá sér maður ekki hvað maður hefur í höndunum og ekkert er hægt að endurtaka. Svo vöknuðu spurningar um landslag í íslenskum kvikmyndum, því það er oft rómantíserað. Við gerðum það ekki, heldur lögðum áherslu á manninn í landslaginu en ekki öfugt. Svo velti fólk fyrir sér af hverju fólkinu fækkaði í Árneshreppi og hvort túrisminn gæti ekki glætt lífið þar. Ég vil taka það fram að þetta er ekki saga um virkjun eða ekki virkjun. Þarna er bara fylgst með hjónunum í Krossnesi smala fé sínu til slátrunar en ekkert verið að spyrja þau nærgöngulla spurninga. Í raun er þetta saga bænda hvar sem er á afskekktum stöðum. Sýningargestir höfðu líka mikinn áhuga á Úlfari og hvort það hefði verið erfitt fyrir mig að sannfæra hann um að ég fengi að elta hann.“

Síðasta haustið hefur skírskotun í sköpunarsöguna og hringrás lífsins sem kristallast í ljóði eftir Sjón í upphafi myndar og tónlist Gyðu Valtýsdóttur dýpkar, að sögn Yrsu. „Myndin vekur upp sterkar tilfinningar, fólki er ekki sagt hvað það eigi að hugsa heldur upplifir það. Ég veit að það er klisja að segja að hún sé ljóðræn, en hún er það,“ segir hún.

Yrsa segir það bíða til hausts að frumsýna myndina hér á landi, það þýði ekkert að hugsa um það um hásumarið. Hún segir margar beiðnir hafa borist um að sýna hana á hátíðum úti í heimi. Veit samt ekki hvað gerist næst.

Yrsa er með ljósmyndasýningu í Þjóðminjasafninu, á svokölluðum Vegg til 1. september. Þar eru myndir úr Árneshreppi. „Ég fór þangað fyrst 2011 og hef síðan farið þangað á hverju hausti að smala, hélt líka ljósmyndanámskeið í skólanum meðan hann var,“ lýsir hún og kveðst hafa verið hálfgerður heimalningur í sveitinni.



Schola Cantorum syngur kórperlur á hádegistónleikum í Hallgrímskirkju.

## Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

**10. JÚLÍ 2019**

**Viðburðir**

**Hvað?** Hádegistónleikar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja, Skólavörðuholti
Kórinn Schola cantorum kemur fram á Alþjóðlegu orgelsumri undir stjórn Harðar Áskelssonar. Á efnisskránni er að finna íslenskar og erlendar kórperlur. Miðaverð er 2.700 krónur. Kórinn mun koma fram í kirkjunni á hverjum miðvikudegi til 28. ágúst.

**Hvað?** Skuggamyndir frá Býsans / Jazz með útsýni
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Múlinn Jazzklúbbur, Björtuloftum í Hörpu
Hljómsveitin Skuggamyndir frá Býsans undirbýr nú ferð til Makedóníu til að koma fram á tveimur tónlistarhátíðum og á tónleikunum í kvöld verða flutt lög frá Makedóníu og Búlgaríu. Í bandinu eru Haukur Gröndal, sem leikur á klarínettu, Ásgeir Ásgeirsson á strengjahljóðfæri, Þorgrímur Jónsson á bassa og Erik Qvick á slagverk. Björtuloft eru á 5. hæð Hörpu. Miðaverð er 2.500 krónur og 1.500 fyrir nemendur og eldri borgara.

**Hvað?** Gyða Valtýsdóttir
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Norræna húsið í Vatnsmýrinni
Gyða Valtýsdóttir, söngkona og sellóisti, kemur fram á sumartónleikum Norræna hússins.

## Söngvasafn Sigvalda Kaldalóns endurútgefið

Einsöngslög Sigvalda Kaldalóns, tónskálds og læknis, hafa verið endurútgefin, en þau hafa verið ófáanleg í fjölda ára. Útgáfan er í tveimur hlutum. Númer 1 nefnist Svanasöngur á heiði og númer 2 Ég lít í anda liðna tíð. Samtals geymir hún 102 sönglög úr smiðju Kaldalóns á fjórum geisladiskum, flutt af tólf af fremstu einsöngvurum þjóðarinnar.

Upptökur fóru fram í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs, á árunum 2003 og 2005. Listrænn stjórnandi var Jónas Ingimundarson og hann annaðist líka píanóleik við allar hljóðritanir, sem voru í umsjá Halldórs Víkingssonar, Fermata hljóðritun. Halldór hafði einnig umsjón með núverandi útgáfu og endurvann upptökurnar með nýjustu tækni. Reynir Axelsson yfirfór ljóðatexta og enskar þýðingar. Ingvar Víkingsson sá um grafíska hönnun.

Sigvaldi Kaldalóns sótti sér efnivið til lagasmíða úr sígildum sjóði fjölmargra ljóðahöfunda og tókst afar vel að túlka innihald og anda ljóðanna, færa þau í tónrænan búning með skáldlegri andagift og hljóðfæri sitt að vopni.

Útgefandi diskanna er Minningarsjóður Sigvalda Kaldalóns. – **gun**




**Svanasöngur á heiði nefnist þessi diskur.**



**Sigvaldi Kaldalóns tónskáld og læknir.**

# SÖGUR AF PLÖTUM

– með Bubba Morthens




Sögur af plötum er nýtt vikulegt hlaðvarp með Bubba Morthens á frettabladid.is þar sem hann rekur tilurð valdra plata úr safni sínu.

Hægt er að hlusta á þættina á frettabladid.is/hladvarp

**HLAÐVARPIÐ**

**á frettabladid.is**

*– hlustaðu þegar þér hentar*

Sögur af plötum er unnið í samstarfi við:

HAGKAUP *Meira svona alla daga*

FRETTABLADID.IS




# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur

### RÚV SJÓNVARP

**12.40 Sumarið**
**13.00 Útsvar 2015-2016 Strandabyggð - Fjarðabyggð**
**14.05 Mósaík 1998-1999** Þættir frá 1998-1999 þar sem raðað er saman ýmsum brotum sem tengjast menningu og listum, auk umræðu um fróðleg og framandi mál. Umsjón hefur Jónatan Garðarsson. Dagskrárgerð: Haukur Hauksson og Þiðrik Ch. Emilsson. Stjórn útsendingar: Haukur Hauksson. e.
**14.50 Með okkar augum** Fimmta þáttaröð þessara einlægu og skemmtilegu þátta þar sem fólk með þroskahömlun skoðar málefni líðandi stundar með sínum augum og spyr spurninga á sinn einstaka hátt. Dagskrárgerð: Elín Sveinsdóttir. e.
**15.25 Á tali hjá Hemma Gunn 1988-1989** Skemmtiþáttur þar sem Hemmi Gunn tekur á móti góðum gestum í sjónvarpssal. Slegið er á létta strengi, stiginn dans og sungið. Hljómsveit Magnúsar Kjartanssonar leikur af fingrum fram. Stjórn útsendingar: Björn Emilsson. e.
**17.00 Tíundi áratugurinn**
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 Disneystundin**
**17.56 Tímon & Púmba**
**18.17 Sígildar teiknimyndir**
**18.24 Líló og Stitch**
**18.50 Vísindahorn Ævars Krakkar frá Hvolsskóla**
**18.54 Vikinglotto**
**19.00 Fréttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, allt árið um kring.
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Sumarið** Nýr og ferskur dægurmálaþáttur þar sem við kynnumst jákvæðum hliðum samfélagsins og upplifum sumarið með fjölbreyttum hætti: Umsjón. Atli Már Steinarsson, Hafdís Helga Helgadóttir og Snærós Sindradóttir. Dagskrágerð: Gísli Berg og Guðný Rós Þórhallsdóttir.
**20.00 Í frjálsu falli** Dönsk heimildarmynd um Dennis, fyrrverandi hermann sem hóf að stunda jaðaríþróttir eftir að hann sneri heim úr stríðinu í Afganistan. Hann stundar fallhlífarstökk af háum byggingum og klettum og stefnir að því að vinna heimsmeistaratitil í íþróttinni, en fjölskylda hans óttast um líf hans.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Kafað í óvissuna** Finnsk heimildarmynd um hóp kafara sem hætta lífi sínu til að ná látnum félögum sínum úr helli eftir hræðilegt slys. Leikstjóri: Juan Reina.
**23.45 Haltu mér, slepptu mér** Þriðja þáttaröð af þessum rómantísku gamanþáttum um þrjú pör sem tengjast innbyrðis í Manchester á Bretlandi.
**00.35 Dagskrárlok**

### GOLFSTÖÐIN

**08.00 3M Open** Útsending frá lokadegi 3M Open á PGA mótaröðinni.
**13.00 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**13.50 Thornberry Creek** Útsending frá Thornberry Creek á LPGA mótaröðinni.
**17.20 Golfing World**
**18.10 Dubai Duty Free Irish Open** Útsending frá Dubai Duty Free Irish Open á Evrópumótaröðinni.
**23.10 Golfing World**

### SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 A.P. BIO**
**13.30 Black-ish**
**13.50 Fam**
**14.15 The Orville**
**15.00 90210**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 American Housewife**
**20.10 Charmed**
**21.00 Girlfriend's Guide to Divorce**
**21.50 Bull**
**22.35 Queen of the South**
**23.20 The Tonight Show**
**00.05 The Late Late Show**
**00.50 NCIS**
**01.35 NCIS. Los Angeles**
**02.20 Proven Innocent**
**03.05 Get Shorty**
**04.05 Still Star-Crossed**

### RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér Hafdís I. Helgudóttir Hinriksdóttir**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Sumarmál. Fyrri hluti**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Sumarmál. Seinni hluti**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Bærinn minn og þinn**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Samtal um heilbrigðisþjónustu**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Tengivagninn**
**17.00 Fréttir**
**18.00 Kvöldfréttir**
**18.10 Brot úr Morgunvaktinni**
**18.30 Umhverfisefnafræði**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva**
**20.30 Á reki með KK**
**21.30 Kvöldsagan. Ósjálfrátt**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Sumarmál. Fyrri hluti**
**23.05 Sumarmál. Seinni hluti**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**10.50 50 First Dates**
**12.30 Mother's Day**
**14.25 Ocean's Eleven**
**16.20 50 First Dates**
**18.00 Mother's Day**
**20.00 Ocean's Eleven**
**22.00 Jumanji. Welcome to the Jungle**
**00.00 The Exception**
**01.45 Live by Night**
**03.50 Jumanji. Welcome to the Jungle**

### STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 The Middle**
**07.45 Grey's Anatomy**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Mom**
**10.00 Fresh Off the Boat**
**10.20 The Last Man on Earth**
**10.40 Arrested Developement**
**11.10 Asíski draumurinn**
**11.40 Logi**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Masterchef USA**
**13.40 Lóa Pind. Snapparar**
**14.15 Á uppleið** Þriðja þáttaröðin af þessum vönduðu þáttum í umsjón Sindra Sindrasonar. Fyrst var það London, þá New York og nú Skandinavía.
**14.40 God Friended Me**
**15.25 Major Crimes**
**16.10 Lose Weight for Good**
**16.40 Stelpurnar**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.45 Sportpakkinn**
**18.55 Veður**
**19.00 Víkingalottó**
**19.05 Modern Family**
**19.25 First Dates**
**20.15 Shrill**
**20.40 The Bold Type**
**21.25 The Red Line**
**22.10 Gentleman Jack**
**23.10 You're the Worst**
**23.35 L.A.'s Finest**
**00.20 Animal Kingdom**
**01.05 Euphoria**
**02.00 True Detective**
**02.55 True Detective**
**03.55 True Detective**
**04.50 Flight of the Concords. Live in London**

### STÖÐ 3

**19.10 Kevin Can Wait**
**19.35 Bob's Burgers**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Two and a Half Men**
**21.10 The Last Ship**
**21.55 Westworld**
**23.25 iZombie**
**00.10 Grimm**
**00.55 Kevin Can Wait**
**01.20 Seinfeld**
**01.45 Tónlist**

### STÖÐ 2 SPORT

**07.40 Formúla 1. Austurríki - Keppni**
**10.00 ÍBV - Selfoss** Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
**11.40 Goðsagnir - Tryggvi Guðmundsson**
**12.35 ÍBV - KR** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**14.20 Pepsi Max Mörk karla**
**15.50 Þór - Fram** Útsending frá leik í Inkasso deild karla.
**17.30 ÍBV - Selfoss**
**19.10 GYM**
**19.40 Valur - Maribor** Bein útsending frá leik í forkeppni Meistaradeildar Evrópu.
**21.50 3. liðið** Fjögurra þátta sería sem fjallar um knattspyrnu frá sjónarhorni dómaranna. Þeim er fylgt eftir í undirbúningi sínum, æfingum, leikjum og einnig fáum við að heyra hvað fer þeim á milli á meðan á leik stendur.
**22.20 UFC 239. Jones vs Santos** Útsending frá UFC 239 þar sem Jon Jones og Thiago Santos mætast.

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

# BREKKUGATA 1-3 GARÐABÆR

OPIÐ HÚS

SÖLU-SÝNING




## Sölusýning í dag miðvikudag kl kl. 17:30 til 18:30










Húsið Brekkugata 1-3 er fjöleignarhús á 4. hæðum með opinni bílageymslu á 1. hæð. Bílageymslan er með 19 stæðum. Í Brekkugötu 1 eru 14 íbúðir og í Brekkugötu 3 eru 11 íbúðir.

Allar íbúðir eru með svölum að undanskildum íbúðum á 1. hæð en þær eru með sérafnotaflöt af lóð. Húsið er staðsteypt, einangrað að utan og klætt með sléttri ál og bárformaðri klæðningu á efri hæðum en jarðhæð er múrhúðuð og máluð. Meginþorri milliveggja eru steinsteyptir. Gluggar eru álklæddir timburgluggar. Myndavéladyrasímar eru í öllum íbúðum.
Sameign skilast fullfrágengin.

**Frekari upplýsingar veita:**



**Snorri Björn Sturluson**
Löggiltur fasteignasali /
Lögmaður í síma 699-4407
eða á snorri@domusnova.is



**Aðalsteinn Bjarnason**
aðstoðarmaður fasteignasala
í síma 773-3532 eða á
adalsteinn@domusnova.is

# DOMUSNOVA
## Fasteignasala

Fasteignasala venjulega fólksins - Nýbýlavegi 8 Kópavogi - Austurvegi 6 Selfossi & Stillholti 16-18 Akranesi - www.domusnova.is - Sími 527 1717







# Meðaljónin reisa æru sína upp




Óvænt sprenging hefur orðið í Facebook-hópnum Meðal Jón/ína. Þangað hrúgast fólk knúið, að því er virðist, stjórnlítilli löngun til þess að gangast við meðalmennsku sinni og hella úr skálum eigin hallærislegheita sér og öðrum til ánægju.

Þegar þetta er skrifað eru 2.345 meðal Jónar og Jónínur í hópnum og ætla má að vinsældirnar endurspegli visst óþol gagnvart þeim fölsku myndum, með filterum og alls kyns rafrænu glossi, sem fólk hefur dregið upp af sjálfu sér og lífi sínu árum saman.

Þetta er einna helst eins og sjálfshjálparhópur fólks sem vill bara fá að vera venjulegt og fær þarna tækifæri til þess að tjá sig á öruggum stað innan um jafningja sína í sömu sporum. Fólki liggur eðli málsins samkvæmt misjafnlega mikið á hjarta og svokölluðum „rísandi stjörnum“, fólki sem er ofvirkt í tjáningunni, fjölgar ört.

Ragnhildur Holm, stofnandi hópsins, lýsti grunnhugmyndafræðinni að baki hópnum svona í samtali við Fréttablaðið.is í vikunni:

„Þá sagði ég að það þyrfti að stofna grúppu sem er norm og alger meðalmennska. Fólk langar að tjá sig um eitthvað mjög leiðinlegt en það er enginn vettvangur til þess.“

Þangað til nú þar sem plebbatjáningin flæðir í stríðum straumum og hverfist meðal annars um umgengni og viðhorf til hönnunarvöru. Ekki síst iittala og múmínbolla.

**toti@frettabladid.is**
**lovisa@frettabladid.is**

## Frelsi til að plebbast

**Ágúst Garðarsson**
rísandi stjarna



*Líður þér betur eftir að þú fannst Meðal Jón/ínu-hópinn og byrjaðir að tjá þig þar?*

Já, mér líður að vissu leyti betur. En þessi síða tekur þó full mikinn tíma.

*Heldurðu að rekja megi vinsældir hópsins til þess að fólk sé orðið þreytt á filteruðum glansmyndum á samfélagsmiðlum og njóti þess að tjá sig á öruggum stað innan um annað fólk sem gengst við meðaljóninum í sér?*

Það er algert frelsi fólgið í því að vera á meðaljón, frelsi til að vera plebbi og ekkert alltof sniðugur eða frábær. Betra en Twitter-ógeðið.

*Áttu eitthvað frá iittala?*

Einu minna iittala í dag en í gær er mitt mottó. Brjótum allt sem brotnar.

## Andleg upplifun

**Hlín Garðarsdóttir**
rísandi stjarna



*Líður þér betur eftir að þú fannst Meðal Jón/ínu-hópinn og byrjaðir að tjá þig þar?*

Mér líður jafn illa en núna líður mér illa með öðrum. En án djóks þá fannst mér bara pínu andleg upplifun að tjá mig í þessum hópi og finnst rosa mikið af fyndnu fólki þarna inni.

*Heldurðu að rekja megi vinsældir hópsins til þess að fólk sé orðið þreytt á filteruðum glansmyndum á samfélagsmiðlum og njóti þess að tjá sig á öruggum stað innan um annað fólk sem gengst við meðaljóninum í sér?*

Þetta er víst ekki nýr hópur en mjög merkilegt hvernig hann sprakk út allt í einu. En þetta svarar greinilega einhverju kalli og er gott mótvægi við þessum sterila fronti sem er að tröllríða öllu. Persónulega elska ég opin og fyndin samskipti og rek mig oft á það að vera of opin.

*Áttu eitthvað frá iittala?*

Ég á eina iittala-skál. Hún er sægræn og mamma gaf mér hana í jólagjöf en fyrrverandi fékk hina þegar við skildum.

Honey Nut Cheerios®
*fullt af fjöri*

# Taktu hunangið með í fríið



SUMAR ÚTSALAN
LOKAVIKAN
Allt að 60% afsláttur




ALBA
Hægindastóll með eða án skemils. Svart, ljósgrátt eða brúnt leður. Blátt, sinnepsgult, ljós- eða dökkgrátt áklæði. Þægilegur og stílhreinn hægindastóll á góðu verði.

Litir í áklæði
Litir í leðri

Stóll í áklæði 52.493 kr. ~~69.990 kr.~~
Stóll í leðri 74.993 kr. ~~99.990 kr.~~
Skemill í áklæði 11.243 kr. ~~14.990 kr.~~
Skemill í leðri 18.743 kr. ~~24.990 kr.~~
Stóll og skemill í áklæði 63.735 kr. ~~84.980 kr.~~
Stóll og skemill í leðri 93.735 kr. ~~124.980 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN
Sími: 558 1100
Reykjavík Bíldshöfði 20 — 10 – 18 virka daga, 11 – 17 laugardaga, 13 – 17 sunnudaga
Akureyri Dalsbraut 1 — 10 – 18 virka daga, 11 – 16 laugardaga
Ísafjörður Skeiði 1

Þú finnur draumastarfið á Job.is
GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU


Stefanía Helga, Anna Ingibjörg og Eva Kolbrún hafa í nógu að snúast, komnar með lag á Spotify og fram undan er Airwaves og fleiri spennandi molar í konfektkassa lífsins sem stendur þeim galopinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Snekkjurokkaðar vinkonur á siglingu

Æskuvinkonurnar **Anna Ingibjörg**, **Stefanía Helga** og **Eva Kolbrún** í hljómsveitinni Konfekt eru á hvínandi siglingu með sitt snekkjurokk og nýjasta lagið þeirra, Hvernig sem fer, er komið á Spotify.

Anna Ingibjörg, Stefanía Helga og Eva Kolbrún eru rúmlega tvítugar, vinkonur af Seltjarnarnesinu sem hafa þekkst síðan þær voru með bleyju, eins og þær orða það.

Þær stofnuðu hljómsveitina Konfekt seint á síðasta ári og skömmu eftir að þær byrjuðu að semja eigin tónlist ákváðu þær að taka þátt í Músíktilraunum. Með svo góðum árangri að þær enduðu í 2. sæti í vor, spiluðu á Secret Solstice, munu troða upp á Airwaves í haust og fyrsta lagið þeirra, Hvernig sem er, er komið á Spotify.

„Við vorum mjög hissa þegar við náðum öðru sæti í Músíktilraunum,“ segir Eva Kolbrún og bætir við að þær hafi ekki búist við því að komast í úrslit. „Þetta var í fyrsta sinn sem við spiluðum opinberlega og síðan gekk þetta allt vonum framar og allt í einu vorum við á sviðinu í öðru sæti.“

Stelpurnar segja að strax í kjölfarið hafi komið verkefni sem þær hafði ekki órað fyrir. „Það var ótrúlega skemmtilegt að spila á Secret Solstice. Á svona stóru flottu sviði með frábærum listamönnum.“ Ekki skyggði heldur á gleðina að þær líta upp til margra sem komu fram á hátíðinni.

„Það er til dæmis draumur að spila á sama sviði og Black Eyed Peas, risastórt band sem á fjöldann allan af lögum sem maður kann utan að þar sem tónlist þeirra var vinsæl þegar við vorum að alast upp.“

**VIÐ VITUM EKKI ALVEG HVAÐ SNEKKJUROKK ER EN ÞETTA VAR NOTAÐ TIL ÞESS AÐ LÝSA TÓNLISTINNI OKKAR EFTIR MÚSÍKTILRAUNIR.**

### Snekkju- og „indí“-bræðingur

Tónlist Konfekts hefur verið lýst sem eins konar „indí-poppi“ eða „snekkjurokki“ þar sem grípandi stef og taktur grípa hlustendur. „Við vitum ekki alveg hvað snekkju-rokk er en þetta var notað til þess að lýsa tónlistinni okkar eftir Músíktilraunir,“ segir Eva Kolbrún. „Samkvæmt Google er þetta mjúkt rokk sem spilað var á snekkjum kringum 1980. Okkur finnst gaman að orðinu og þar sem það getur reynst erfitt að skilgreina eigin tónlist höfum við notað þetta.“

Konfekt stendur á grunni gamallar og traustrar vináttu en stelpurnar hafa fylgst að frá blautu barnsbeini. „Við ólumst allar upp á hinu víðfræga Seltjarnarnesi og vorum þar af leiðandi allar saman á leikskóla og síðan grunnskóla. „Stundum saman í bekk og stundum ekki,“ segir Eva Kolbrún. „Vorum líka allar saman í handbolta hjá Gróttu og þess má geta að þar eigum við líka 2. sæti. Á Íslandsmeistaramóti 6. flokks kvenna árið 2009.“

### Snemma beygist krókurinn

Eva Kolbrún er trommuleikari hljómsveitarinnar en hún greip á sínum tíma í kjuðana vegna þess að ekki var pláss fyrir hana í harmonikunáminu sem freistaði hennar mest. Slagverk var annað val og þegar hún fór að spila á trommurnar varð ekki aftur snúið. Það má því segja að trommurnar hafi valið hana.

Eva spilaði í tónlistarskólanum á Seltjarnarnesi í ellefu ár þar sem hún spilaði fyrst með Stefaníu í lúðrasveit skólans. Anna Ingibjörg og Eva Kolbrún spiluðu síðan fyrst saman í hljómsveitinni Stelpur í stuði, þar sem Anna spilaði á gítar og söng. Stefanía byrjaði að spila á klarinett sem barn og kenndi sér sjálf á píanóið sem var á heimilinu. Síðar fékk hún gítar í jólagjöf, lærði á hann og er gítarleikari bandsins.

### Lítt gefnar fyrir dramað

Stelpurnar segja Konfekt hafa orðið til þegar Eva og Stefanía voru farnar að sakna þess að spila saman. „Stefanía sneri sér þá að Önnu sem var byrjuð að semja alls konar lög á píanó í kjallaranum en hún er einmitt píanóleikari sveitarinnar.“

Þær segjast hafa byrjað með því að spila lög eftir aðra, ábreiður, en fljótt hafi orðið erfitt að sammælast um hvaða lög þær ættu að spila. „Þá fórum við að semja okkar eigin lög í staðinn,“ segir Eva Kolbrún. „Þegar við semjum lög kemur yfirleitt ein okkar með hugmynd sem við vinnum síðan úr saman. Textinn kemur oftast síðastur og þar á Anna stærstan hluta.“

Stelpurnar segja samstarfið hafa gengið vel hingað til og lítið sem ekkert um alvarlegan ágreining eins og oft vill verða í hljómsveitum náinna vina. „Við erum ekki alltaf sammála um allt en við þekkjum hver aðra svo vel að það verður ekkert stórmál. Svo erum við líka allar frekar tjillaðar týpur og ekki mikið fyrir dramað.“

**toti@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

Pizza Hut

# SUMARPEPP OG SVEPP

35%
AFSLÁTTUR



SUMARTILBOÐ
**STÓR AMERIKANA PÖNNUPIZZA**
**1990**

Pantaðu í síma 515 1617 eða á pizzahut.is
Pizza Hut Smáralind og Pizza Hut Staðarbergi 2–4 Hafnarfirði

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf





**BAKÞANKAR**


Bjarna Karlssonar




## Kæri kennari

Í veðurblíðu undanfarinna vikna hef ég, kennarasonurinn, glaðst yfir því að kennarar njóti góðra daga í sumarleyfinu. Ég man hve þreyttir foreldrar mínir voru í lok vetrar þegar ég var barn og unglingur og veit að það er lífsspursmál fyrir þessa stétt að endurnýja krafta sína. Fátt man ég úr skólabókunum í Vogaskóla en ég er ævinlega þakklátur kennaranum mínum, Þórnýju Þórarinsdóttur, sem aldrei lét sér á sama standa en hélt ró sinni og leiddi þetta óstýriláta krakkastóð af hjartans áhuga, festu og víðsýni.

Viðfangsefni kennara er flóknara nú en nokkru sinni því aldrei hefur framtíðin verið óráðnari og erfitt að segja hvað kenna skuli ungmennum til að búa þau undir komandi tíma. En, kæri kennari, þegar þú gengur á grænu grasi, heyrir nið vatna, söng fugla og ilm af hafi og mold svo að þreyta liðins vetrar líður frá og leikgleðin endurnýjast. Vittu þá að þú mátt svo innilega hvílast og gleyma öllu ati því þú ert þú sjálf(ur) aðal kennslugagnið. Ef þér auðnast að lifa af í starfi, festast hvorki né flosna en vera í sífellu að undrast og uppgötva, þá er það þinn stóri faglegi sigur.

Og gæti hugsast að einmitt þetta sé það sem kenna skuli? Gæti verið að kennsluáætlunin ætti að vera sú að gefa ungu fólki kost á að varðveita kjarna sinn og kunna skil á endurnærandi leik í opnum tengslum við náttúruna? Nú þegar við vitum að gróðaþrá og sjálfshyggja menningarinnar er helvegur en lífslistin byggir á þekkingu á vistkerfistengslum og samvinnu. Ættum við þá ekki öll að mæta nýrri kynslóð af auðmýkt með það í huga að læra með þeim nýja siði; nýjan leik þar sem egóið er ekki aðal, sigur og tap eru aukaatriði en þekking á samhengi er markvisst þróuð og enginn lætur sér á sama standa?








